

# Menntaskólinn á Egilsstöðum

## Ytra mat



**Laufey Petrea Magnúsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir**  
**Ytra mat á Menntaskólanum á Egilsstöðum,**  
**unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið skólaárið 2021-2022**

Ytra mat á Menntaskólanum á Egilsstöðum

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið skólaárið 2021-2022

Laufey Petrea Magnúsdóttir

Þóra Björk Jónsdóttir

Forsíðumynd er fengin af heimasíðu ME

ISBN 978-9979-0-2735-5

# Efnisyfirlit

---

Heildarniðurstöður .....	2
Inngangur.....	5
Menntaskólinn á Egilsstöðum.....	6
Viðmið og vísbendingar.....	17
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag.....	17
1.1. Um stefnu og áætlanir .....	17
1.2. Um stjórnendur .....	18
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	18
1.4. Um innra mat.....	19
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	20
2.1. Um nám og kennslu .....	20
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur .....	21
2.3. Um námsmat.....	21
2.4. Um kennara .....	22
2.5. Um námsgögn .....	22
Þáttur 3: Samskipti og líðan .....	23
3.1. Um skólabrag .....	23
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	23
3.3. Um félagslíf nemenda .....	24
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	24
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	24
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	26
Þáttur 5: Lykilárangur .....	27
5.1. Um námsárangur .....	27
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	27
5.3. Um langtímaárangur .....	28
Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag.....	29
Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð.....	38
Umsögn matsaðila um samskipti og líðan.....	49
Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað.....	56
Umsögn matsaðila um lykilárangur.....	59
Styrkleikar og tækifæri til umbóta - yfirlit .....	61
Heimildir og tilvísanir.....	65

## Myndir

Mynd 1. Fjöldi nemenda í ME 2017-2021 .....	6
Mynd 2. Fjöldi nemenda í dagskóla og fjarnámi vor og haust 2021 .....	6
Mynd 3. Aldur og kyn nemenda haustið 2021 .....	7
Mynd 4. Fjöldi nýnema sem hefja nám við ME að loknum grunnskóla 2017-2021 .....	8
Mynd 5. Fjöldi nemenda í 10. bekk og fjöldi þeirra sem hófu nám í ME 2017-2021 .....	8
Mynd 6. Hlutfall nemenda í 10. bekk og þeirra sem hófu nám í ME 2017-2021 .....	8
Mynd 7. Fjöldi barna í 1-10. bekk grunnskóla á upptökusvæði skólans .....	9
Mynd 8. Fjöldi áfanga með meðaleinkunn á viðkomandi einkunnabili vor 2021 .....	11
Mynd 9. Einkunnir nemenda á vorönn 2021 .....	11
Mynd 10. Skólasókn nemenda í dagskóla haust 2020 .....	12
Mynd 11. Skólasókn nemenda í dagskóla vor 2021 .....	12
Mynd 12. Skipurit Menntaskólans á Egilsstöðum .....	32
Mynd 13. Röð ME skv. könnunum Sameykis <i>Stofnun ársins 2016-2021</i> .....	33

## Töflur

Tafla 1. Búseta nemenda haustið 2021 .....	7
Tafla 2. Námsbrautir og uppbygging þeirra .....	10
Tafla 3. Fjöldi dagskólanema á námsbrautum eftir kyni 2017-2021 .....	10
Tafla 4. Viðveruskráning nemenda haust 2020 og vor 2021 .....	12
Tafla 5. Brotthvarf nemenda frá námi 2017-2021 .....	13
Tafla 6. Fjöldi brautskráðra nemenda eftir námsbrautum 2017-2021 .....	13
Tafla 7. Störf og stöðugildi .....	14
Tafla 8. Menntun kennara .....	15
Tafla 9. Starfsmannavelta í ME sl. 5 ár .....	15

## Heildarniðurstöður

---

- Stefna Menntaskólans á Egilsstöðum er að bjóða öllum nemendum sem til hans sækja tækifæri til náms með fjölbreyttu námsframboði, kennsluháttum og námsmati ásamt persónulegri þjónustu, öflugum fjarnámi og samstarfi við aðra skóla. Skólinn hefur mótað stefnu í ýmsum málaflokkum og fylgt mörgum þeirra eftir með markvissum aðgerðum og mælingum. Mikilvægt er að forma meginstefnu skólans betur m.a. með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og þeim megingildum sem skólasamfélagið hefur sammælt um. Einnig er mikilvægt að skerpa á framtíðarsýn skólans og birta í skólanámskrá (á heimasíðu skólans).
- Einkunnarorð (meGINGildi) skólans, *gleði, virðing og jafnrétti*, endurspeglast að mati viðmælanda m.a. í samskiptum og starfsháttum innan skólans. Mikilvægt er að huga að jafnrétti og lýðræðislegu samstarfi með því m.a. að tryggja eins og kostur er aðkomu starfsfólks, nemenda og annarra haghafa að stefnumarkandi ákvörðunum innan skólans.
- ME er að mestu bóknámsskóli og námsframboð skólans tekur mið af því. Að auki býðst nemendum að stunda nám í listum, upplýsingatækni og nýsköpun. Áformað er að bjóða þeim nemendum sem hyggja á starfs-/iðnnám upp á tveggja anna undirbúningsnám. Að mati stjórnenda væri ákjósanlegt að geta boðið nemendum að stunda formlegt starfs-/iðnnám við skólann. Lögð er áhersla á að koma sem best til móts við fjölbreytt áhugasvið nemenda
- Fjölbreytni í námsframboði tekur fyrst og fremst mið af þeim fjölda nemenda sem stundar nám við skólann hverju sinni. Dagskólanemum hefur fækkað talsvert frá árinu 2017 en á sama tíma hefur fjarnemum fjölgað verulega og skólanum því tekist að viðhalda fjölbreytni í námsframboði sínu. Á undanförunum árum hafa að meðaltali 45% grunnskólanema á upptökusvæðinu sótt skólann. Þar sem nemendum á upptökusvæði skólans mun ekki fjölga í náinni framtíð eru uppi áform um að auka námsframboð í fjarnámi enn frekar.
- ME hefur markað sér ákveðna sérstöðu í daglegu skipulagi, skólaárinu er skipt upp í 4 spannar og hluti kennslustunda er skilgreindur sem vinnustundir nemenda. Í spannakerfi geta nemendur einbeitt sér að færri viðfangsefnum á hverjum tíma en þurfa jafnframt að sinna námi sínu jafnt og þétt. Í vinnustundum reynir á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Mikil ánægja er ríkjandi í skólasamfélaginu með þetta fyrirkomulag.
- Upplýsingar um þau hæfniviðmið sem nemendum er ætlað að uppfylla við lok náms á námsbrautum og við lok náms í öllum áföngum eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Kennarar gera nemendum grein fyrir hæfniviðmiðum í kennsluáætlunum og í einhverjum tilvikum fá nemendur matsviðmið til að styðjast við í verkefnavinnu. Engin sérstök eftirfylgd er höfð með því hvort námskröfur séu almennt í samræmi við fyrrgreind hæfniviðmið, að mati stjórnenda er námsárangur nemenda almennt góður.
- Námsmat tekur mið af áherslu skólans á verkefnaþátt nám, lokaprófum hefur því fækkað verulega og dregið úr vægi þeirra. Að undanförunu hafa kennarar skólans unnið að innleiðingu

leiðsagnarnáms/-mats, mikilvægt er að meta reglulega áhrif þróunarverkefnisins á náms- og kennsluhætti og árangur nemenda.

- Kennarar skólans leitast við að hafa kennsluhætti fjölbreytta og hið sama gildir um verkefnavinnu nemenda og verkefnaskil. Kennsluhættir í bundnu tímum eru að sögn nemenda fyrst og fremst í formi fyrirlestra/innlagna og fjölbreytni þeirra mismunandi eftir námsgreinum. Verkefnavinna í vinnustundum er að mati nemenda fjölbreytt og verkefniin ýmist unnin einslega eða í hópum. Stjórnendur eru þeirrar skoðunar að innleiðing á námsumsjónarkerfinu Canvas hafi reynst góður stuðningur við skipulag og fjölbreytni náms- og kennsluhátta.
- Innra mat skólans fer fram skv. áætlun skólans. Gagnaöflun er fyrst og fremst fólgin í megindegum viðhorfskönnunum á meðal nemenda, starfsfólks, foreldra og brautskráðra nemenda. Innra mats hópur skólans hefur jafnframt stuðst við stuttar kannanir (ME-púls/Jarmið) þegar taka þarf púlsinn á viðhorfum starfsfólks/nemenda til tiltekinna mála. Lögð er áhersla á skjóta úrvinnslu gagna þannig að unnt sé að bregðast fljótt við niðurstöðum. Skýrslur um niðurstöður kannana eru greinargóðar og áhersla lögð á myndræna framsetningu og samanburð við niðurstöður fyrri ára. Í starfi innra mats hópsins mætti leggja ríkari áherslu á að skilgreina matsviðmið þar sem það á við og rýna með markvissari hætti þau gögn sem varða náms- og kennsluhætti og námsmat.
- Í umbótaáætlun skólans er greinargott yfirlit yfir þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að hverju sinni. Leggja mætti ríkari áherslu á umbótaverkefni er varða kjarnastarfsemi skólans, þ.e. nám og kennslu. Í þriggja ára áætlun skólans er að finna yfirlit yfir þau umbótaverkefni sem skólinn hefur skilgreint með hliðsjón af markmiðum ríkisstjórnarinnar. Huga þarf betur að árangursviðmiðum í báðum þessum umbótaáætlunum.
- Skólabragur í ME er mjög góður og nemendum og starfsfólki líður almennt vel í skólanum. Skólameistari nýtur mikils trausts og gegnir faglegu leiðtogahlutverki innan skólans. Hið sama má segja um aðra stjórnendur, metnaður fyrir hönd skólans og vilji til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og stuðla sem best að velferð þeirra og árangri, einkennir störf þeirra. Nemendur eru almennt ánægðir með samskipti sín við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Kannanir á meðal nemenda hafa þó einnig leitt í ljós að hluta nemenda líður ekki vel í skólanum og um 14% nemenda telur sig hafa orðið vara við einelti. Allar vísbendingar í þessa veru ber að taka alvarlega.
- Mikil ánægja er með nemendabjónustu skólans. Gott skipulag er á móttöku nýnema og skilafundir haldnir í grunnskólum verðandi nýnema. Ráðgjafar hafa tekið saman gagnlegar upplýsingar um ýmsar þjargir ætlaðar nemendum með lesblindu og aðra sértæka námsörðugleika og birt á heimasíðunni. Gangnabankinn hefur vakið verðskuldaða athygli og komið að góðum notum í fleiri skólum. Leitast er við að þjónusta nemendur sem best og grípa sem fyrst þá sem víkja af leið. Skólinn hefur því náð góðum árangri í að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi.
- Nemendur eru almennt ánægðir með félagslífið í skólanum, samkomutakmarkanir höfðu þó vissulega mikil áhrif á sl. ári. Nokkrir viðburðir hafa fest sig vel í sessi og samstarf er við VA

um árlegan viðburð. Stuðningur skólameistara við félagslífið er að mati nemenda mjög góður.

- Stjórn Foreldra- og hollvinafélags ME er ekki fullskipað sem stendur en fundar engu að síður nokkuð reglulega. Félagið hefur komið að forvarnamálum og stutt við félagslíf nemenda m.a. með kaupum á búnaði í tónlistaraðstöðu þeirra. Samskipti við stjórnendur og starfsfólk skólans eru góð og upplýsingagjöf almennt fullnægjandi.
- Formlegt samstarf er við grunnskóla á upptökusvæði skólans um móttöku nýnema og kynningar á skólanum
- ME hefur tekið virkan þátt í samstarfi framhaldsskóla á landsbyggðinni um Fjarmentaskólann. Framhaldsskólarnir á Austurlandi eiga að öðru leyti ekki í formlegu samstarfi sín á milli.
- Almenn ánægja er með húsnæði skólans og aðstöðu til náms og kennslu. Húsakynni eru hlýleg og snyrtileg og umgengni góð. Tölvukostur skólans er góður og honum vel við haldið. Bókasafn skólans var nú nýlega flutt úr heimavistarhúsi yfir í kennsluhús skólans, skiptar skoðanir eru um ágæti þess. Þá vilja nemendur sjá annarskonar húsgögn/fyrirkomulag í vinnustofum og nýrri búnað í raungreinastofum. Tengibygging myndi að mati stjórnenda og starfsfólks auðvelda mjög samgang á milli kennslu- og heimavistarhúss/mötuneytis, einkum yfir vetrartímann.
- Skólinn hefur ekki lagt sérstakt mat á það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér grunnþætti menntunar. Þegar horft er til gilda skólans og starfshátta má ætla að þeir hafi að einhverju marki tileinkað sér þá.
- Stjórnendur skólans telja námsárangur nemenda almennt góðan. Athugun á viðhorfum brautskráðra nemenda gagnvart undirbúningi þeirra fyrir framhaldsnám og störf hefur farið fram.

## Inngangur

---

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Matið fór fram á haustönn 2021 og vorönn 2022 og er liður í eftirliti mennta- og barnamálaráðuneytisins með starfsemi framhaldsskóla. Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og fól Laufeyju Petreu Magnúsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur að annast það og eru þær höfundar skýrslunnar.

Skýrslan hefst á umfjöllun um skólann þar sem lagðar eru fram tölulegar upplýsingar um meginþætti í starfsemi hans. Í öðrum hluta er listi yfir þá þætti í skólastarfinu sem lagt var mat á. Þar má sjá niðurstöður skólans (S) og niðurstöður matsaðila (M) og þegar báðir aðilar eru á sama máli (SM). Í lokahluta skýrslunnar gera matsaðilar grein fyrir niðurstöðum sínum og tilgreina helstu styrkleika skólans og tækifæri til umbóta.

Í ágúst 2021 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf þar sem greint var frá fyrirhuguðu ytra mati og fól honum að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af þeim 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem ráðuneytið hefur lagt fram. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar sjálfsmatinu eru einkum fengin úr lögum, reglugerðum og aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla.

Viðmiðin hverfast um fimm meginþætti skólastarfs þ.e. stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða (A B C eða D), nánari skilgreining á einkunnum er sem hér segir:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta.
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Einkunnagjöf byggir annars vegar á mati skólans og hins vegar á mati matsaðila. Einkunnagjöfinni er ætlað að auðvelda hópnum að ná málefnalegri niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins og leggja þannig grunn að raunhæfum umbótatillögum.

Matsaðilar heimsóttu skólann dagana 25. og 26. október 2021 og 8. febrúar 2022.

Þau gögn sem matsaðilar nýttu við matið eru eftirfarandi:

- Heimasíða skólans (skólanámskrá), en þangað voru m.a. sóttar upplýsingar um skipulag, stefnu skólans, starfsáætlanir, skólareglur, námsframboð, innra mat, nám- og kennslu og námsmat.
- Skýrslur, s.s. sjálfsmatsskýrslur skólans, ársskýrslur, niðurstöður úr viðhorskönnunum skólans (ME-púlsi/Jarmi), Framhaldsskólupúlsi, Starfsmannapúlsi og skýrslu um ytra mat frá árinu 2016.
- Fundargerðir skólanefndar og Foreldra- og hollvinafélags ME.
- Töluleg gögn frá stjórnendum skólans, m.a. varðandi nemendur og starfsfólk.
- Gögn sem aflað var í viðtölum í október 2021 og í febrúar 2022. Rætt var við samtals 45 aðila; stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, foreldra og formann skólanefndar.

Matsaðilar þakka viðmælendum og öllum þeim sem aðstoðuðu við ytra mat á Menntaskólanum á Egilsstöðum kærlega fyrir samstarfið.




## Menntaskólinn á Egilsstöðum

Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) var stofnaður árið 1979. Skólinn er að mestu bóknámsskóli og starfar eftir áfangakerfi. Í skólanum er boðið upp á staðnám (nám í dagskóla) og fjarnám. Stefna skólans er að tryggja breiðum hópi nemenda tækifæri til náms með fjölbreyttu námsframboði, kennsluháttum og námsmati ásamt persónulegri þjónustu, öflugu fjarnámi og samstarfi við aðra skóla. Einkunnarorð skólans eru *gleði, virðing og jafnrétti*.


Sérstaða skólans er annars vegar fólgin í skipulagi á umgjörð innra starfs þar sem skólaárinu er skipt upp í fjórar rúmlega átta vikna spannrir (þ.e. sjö og hálfra kennsluvikur og eina námsmatsviku) og hins vegar fyrirkomulagi náms og kennslu þar sem hluti kennslustunda er skilgreindur sem vinnustundir nemenda. Áhersla er lögð á virkni nemenda í fjölbreyttri verkefnavinnu með það að markmiði að efla ástundun þeirra og ábyrgð á eigin námi. Við skólann er starfrækt heimavist og mötuneyti. Sjá nánar á bls. 56.

### Nemendur

Heildarfjöldi nemenda haustið 2021 er 576 og er sú tala nokkuð lægri en á misserin þar á undan.




Mynd 1. Fjöldi nemenda í ME 2017-2021.



Mynd 2. Fjöldi nemenda í dagskóla og fjarnámi vor og haust.

Þróun í samsetningu nemendahópsins á tímabilinu 2017-2021 hefur verið með þeim hætti að nemendum í dagskóla hefur fækkað en nemendum í fjarnámi fjölgað verulega (mynd 1). Um og yfir 70% nemenda skólans síðustu misseri eru í fjarnámi. Nemendum í dagskóla hefur hins vegar fækkað umtalsvert á tímabilinu eða um rúm 30% frá árinu 2017. Ársnemar árið 2021 voru um 315 talsins.



**Mynd 3. Aldur og kyn nemenda haust 2021.**

Konur eru hlutfallslega fleiri en karlar, eða um 57% á móti 43% haustið 2021. Um 57% nemenda voru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri, þ.e. 16-19 ára og tæp 40% eldri. Meðalaldur fjarnema er talsvert hærri en dagskólanema þar sem stór hluti þeirra er yfir tvítugt.


**Tafla 1. Búseta nemenda haustið 2021.**

Póstnúmer	Dagskóli	Hlutfall	Fjarnám	Hlutfall
100-190 Reykjavík, Seltjarnarnes	6	3,3	97	24,7
200-233 Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær	7	3,8	113	28,8
240-270 Mosfellsbær, Reykjanes	1	0,5	33	8,4
300-522 Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra	0	0,0	38	9,7
600-690 Norðurland eystra	0	0,0	23	5,9
700-781 Austurland	170	92,4	62	15,8
800-900 Suðurland	0	0,0	18	4,6
Útlönd	0	0,0	8	2,0
<b>Samtals:</b>	<b>184</b>	<b>100</b>	<b>392</b>	<b>100</b>

ME skilgreinir stærstan hluta Austurlands sem upptökusvæði sitt og þaðan koma 92,4% dagskólanema og 15,8% fjarnema. Fjarnemar við skólann koma flestir af höfuðborgarsvæðinu eða 53,5% (sjá töflu 1).


## Aðsókn nýnema

Þeir grunnskólar sem starfa á upptökusvæði skólans eru Egilsstaðaskóli, Brúarásskóli, Grunnskólinn Borgarfirði eystra, Seyðisfjarðarskóli, Djúpavogsskóli, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Eskifjarðar, Nesskóli, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli. Aðsókn nýnema á upptökusvæði skólans hefur verið nokkuð stöðug.




**Mynd 4. Fjöldi nýnema sem hefja nám við skólann að loknum grunnskóla 2017-2021.**

Undanfarið hafa um 60 nýnemar hafið nám við skólann að loknu grunnskólaprófi eða um 40% árgangs. Nýnemar voru þó heldur færri árið 2018 (mynd 4) og hlutfallslega færri 2020 (mynd 5). Þar sem nokkrar sveiflur eru í fjölda barna í hverjum fæðingarárgangi þá markast aðsókn nýnema nokkuð af því. Á mynd 5 má sjá að skv. Hagstofunni var samanlagður fjöldi barna í 10. bekk í fyrrnefndum grunnskólum árin 2017-2020 nokkuð breytilegur. Mynd 6 sýnir að hlutfallslegan fjölda 10. bekinga í ME, að meðaltali hófu um 46% þeirra nám í ME.




**Mynd 5. Fjöldi nemenda í 10. bekk og fjöldi þeirra sem hófu nám í ME 2017-2021.**



**Mynd 6. Hlutfall nemenda úr 10. bekk sem hóf nám í ME 2017-2021.**

Þegar horft er til framtíðar má sjá að fjöldi barna í fæðingarágöngum á upptökusvæði skólans er áfram dálítið sveiflukennður, varanleg fækkun/fjölgun frá því sem verið hefur er þó ekki í auglýn, sjá mynd 7.



Mynd 7. Fjöldi barna í 1.-10. bekk á upptökusvæði skólans árið 2020 (Hagstofan).

## Námsbrautir

Námsbrautir til stúdentsprófs eru þrjár: félagsgreinabraut, listnámsbraut og náttúrufræðibraut, þá er einnig boðið upp á nám á framhaldsskólabrautum 1 og 2 og nám á starfsbraut.

Allar námsbrautir eru settar saman úr áföngum eða áfangakeðjum. Boðið er upp á fjarnám í flestum áföngum sem kenndir eru í dagskóla. Námsframboð skólans miðast við fyrrgreindar námsbrautir en einnig er reynt að tryggja nemendum fjölbreytt úrval námslína og valáfanga svo þeir geti lagað námið að sínum þörfum og áhugasviðum og undirbúið sig markvisst undir tiltekið framhaldsnám. Við val á áföngum þarf nemandi að hafa í huga samsetningu áfanga hvað varðar þrepaskiptingu til að uppfylla skilyrði aðalnámskrár.

Námslok á námsbrautum miðast við að nemendur hafi lokið tilskildum áföngum og einingafjölda samkvæmt námskrá brautar. Til þess að ljúka stúdentsprófi þurfa nemendur að hafa lokið námi á þriðja þrepi, samtals 200-206 einingum. Gert er ráð fyrir því að nemendur í fullu námi til stúdentsprófs ljúki því á þremur árum (6 önnum/12 spönnum). Viðbótarnám til stúdentsprófs á 3. hæfnisþrepi er ætlað nemendum í starfsnámi, sérhæfing nemandans felst í starfsnáminu. Þá býðst fjarnemum að ljúka stúdentsprófi af opinni námsbraut. Á framhaldsskólabrautum eru námslok á 1. eða 2. hæfniþrepi og hafa nemendur talsvert val um áfanga, samanlagður einingafjöldi er 90-120. Námsstími á starfsbraut er fjögur ár og geta nemendur lokið allt að 240 einingum á námstímanum (tafla 2). Brautskráningar fara fram í desember og maí ár hvert.

Inntökuskilyrði á stúdentsbrautir eru að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi og náð hæfni-einkunninni B, B+ eða A í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði eða lokið fyrsta þreps námi í viðkomandi greinum. Engar kröfur eru gerðar um lágmarkseinkunnir úr grunnskóla til að hefja nám í áföngum á framhaldsskólabraut 1. Þeir nemendur sem fá D í tveimur af ofangreindum námsgreinum innritast á framhaldsskólabraut 1. Inntökuskilyrði á framhaldsskólabraut 2 eru að nemandi hafi fengið að lágmarki C í íslensku, ensku og stærðfræði við lok grunnskóla eða sambærilegt fyrsta þreps nám í þessum greinum. Við innritun á framhaldsskólabrautir er umsögn frá grunnskólum

jafnan höfð til hliðsjónar. Inntökuskilyrði á starfsbraut er að nemendur hafi viðurkennd greiningargögn. Brautin er ætluð nemendum sem hafa verið í sérdeildum eða námsverum í grunnskóla, hafa haft aðlagð námsefni og/eða þurfa stuðning af öðrum toga.

**Tafla 2. Námsbrautir og uppbygging þeirra.**

Námsbraut	Námslok (hæfnipr ep)	Kjarni (ein.)	Brautar- kjarni (ein.)	Bundið val	Val	Samtals
Félagsgreinabraut*	3	101	40		65	206
Framhaldsskólabraut 1	1	50		40		90-120
Framhaldsskólabraut 2	2	120				120
Listnámsbraut**	3	101	55	35	15	206
Náttúrufræðibraut***	3	101	55	30-35	10-15	206
Opin braut****	3	120			80	200
Starfsbraut	1	112		225		240
Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	35	Starfs- nám	20		55-200

\*Félagsgreinalína, heilbrigðislína, íþróttalína, málalína, tæknilína.

\*\*Hönnunarلína, íþróttalína, myndlistarlína, málalína, tónlistarlína, tæknilína.

\*\*\*Náttúrufræðilína, heilbrigðislína, íþróttalína, málalína, tæknilína, verkfræðilína.

\*\*\*\*Íþróttalína, málalína, tæknilína.

**Tafla 3. Fjöldi nemenda á námsbrautum greint eftir kynjum 2017-2021 (dagskóli).**


Námsbraut	2017		2018		2019		2020		2021	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Félagsgreinabraut	48	54	35	39	37	41	36	40	31	44
Framhaldsskólabraut 1	10	5	9	4	6	2	6	2	0	1
Framhaldsskólabraut 2	27	23	17	25	18	16	14	20	13	11
Listnámsbraut	2	9	1	14	3	12	1	13	3	10
Málabraut	1	4	1	3	0	4	0	4	0	1
Náttúrufræðibraut	42	36	36	25	24	30	26	28	27	20
Opin braut									5	5
Starfsbraut	4	4	2	4	4	3	4	3	12	1
<b>Samtals:</b>	<b>134</b>	<b>135</b>	<b>101</b>	<b>114</b>	<b>92</b>	<b>108</b>	<b>87</b>	<b>110</b>	<b>91</b>	<b>93</b>
	<b>269</b>		<b>215</b>		<b>200</b>		<b>197</b>		<b>184</b>	

Flestir dagskólanema stunda nám á félagsgreinabraut eða á bilinu 75-100, á náttúrufræðibraut eru 50-80 nemendur. Nokkuð hefur þó fækkað á báðum þessum brautum frá árinu 2017. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn, árið 2021 má þó sjá að piltar eru heldur fleiri en stúlkur á náttúrufræðibraut og stúlkur fleiri en piltar á félagsfræðibraut. Aðsókn að öðrum brautum er nokkuð svipuð á milli ára en þó eru óvenju margir nemendur skráðir á starfsbraut árið 2021 eða 13 talsins. Vegna fækkunar nemenda á málabraut er hún ekki lengur í boði sem sérstök námsbraut en nemendum býðst að ljúka sambærilegu tungumálanámi á málalínu.


Meðalfjöldi í námshópum á vorönn 2021 var 15 nemendur í dagskóla og 14 í fjarnámi, á haustönn 2021 var meðalfjöldi í hópum 12 í dagskóla og 10 í fjarnámi.

### Námsárangur nemenda

Kenndir áfangar á vorönn 2021 voru 90 talsins, einkunnir í tölum voru gefnar í 85 þeirra og bókstafir í fimm áföngum. Meðaleinkunn allra áfanga er 7,2. Einkunnin 9 er algengust og einkunnin 8 næst algengust. Falleinkunnir voru 297 eða 13%. Sjá nánar myndir 8 og 9.



Mynd 8. Fjöldi áfanga með meðaleinkunn á viðkomandi einkunnabili á vorönn 2021.





Mynd 9. Einkunnir nemenda vor 2021

## Fjarvistir nemenda og brotthvarf úr skóla

Nemendum ME ber að sækja allar kennslustundir stundvíslega. Fjarvistir í kennslustundum og seinkomur eru skráðar daglega og færðar í fjarvistabókhald skólans, INNU. Gefið er 1 stig fyrir fjarveru í tíma og 0,33 stig fyrir að mæta of seint. Seinkoma telst ef nemandi mætir eftir að skráning mætingar hefur farið fram. Fjarvist er skráð ef nemandi er ekki mættur þegar 1/3 kennslustundar er liðinn. Hver önnur skiptist í fjögur fjarvistatímabil. Ef heildarmæting nemanda frá upphafi annar er undir 90% í lok tiltekins fjarvistatímabils fær hann skriflega viðvörðun, þá er foreldrum jafnframt gert viðvart bréflaga og eftir atvikum símleiðis. Ef nemandi er aftur undir 90% mætingu í lok fjarvistatímabils síðar á önninni fær hann ekki að halda áfram námi nema gerður sé sérstakur mætingasamningur milli nemandans og skólans. Mætingaskylda er í allar kennslustundir og verkefnatíma.

Tafla 4. Viðveruskráning nemenda haustið 2020 og vorið 2021 (sem hlutfall af fjölda kennslustunda).

	Haut 2020	Vor 2021
Mæting	89%	89%
Veikindi	3%	4%
Mæting of seint	1%	1%
Leyfi	3%	2%
Óútskýrð fjarvera	6%	7%
Fjöldi kennslustunda	38.194	34.411



Myndir 10 og 11. Skólasókn nemenda í dagskóla haust 2020 og vor 2021.

Skólasókn nemenda í dagskóla skólaárið 2020-2021 var ögn undir viðmiði skólans eða 89%. Þorri fjarveru nemenda eða 6-7% er án skýringa.

Skólinn hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi. Brotthvarf á tímabilinu 2017-2021 var mest á árinu 2018 en þá hurfu 24 nemendur frá námi eða 5,45%. Sí þrjú ár hefur brotthvarf mælst mun minna, árið 2021 hurfu einungis tveir nemendur frá námi eða 0,6%. Sjá nánar í töflu 5.

**Tafla 5. Brotthvarf nemenda frá námi 2017-2021.**

Ár	Vor		Haust		Meðaltal
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%)
2017	7	2,7	10	3,2	3,2
2018	11	4,8	14	5,45	5,45
2019	2	1,2	5	1,85	1,85
2020	2	1,1	3	1,5	1,3
2021	1	0,6	1	0,6	0,6

### Brautskráðir nemendur

Á árabílinu 2017-2021 brautskráði ME alls 303 nemendur af átta námsbrautum (tafla 6). Flestir luku námi af félagsgreinabraut og náttúrufræðibraut.

**Tafla 6. Fjöldi brautskráðra nemenda eftir námsbrautum 2017-2021.**

Námsbraut	2017	2018	2019	2020	2021 vor	Samtals
Framhaldsskólabraut 1		2	3	3	3	11
Félagsgreinabraut	34	31	23	49	19	156
Listnámsbraut	4	4	1	8	3	20
Málabraut	4	2		3		9
Náttúrufræðibraut	24	15	22	17	13	91
Opin braut					6	6
Starfsbraut	2	3	1	3		9
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1					1
<b>Samtals:</b>	<b>69</b>	<b>57</b>	<b>50</b>	<b>83</b>	<b>44</b>	<b>303</b>

### Námstími við brautskráningu

Haustið 2020 útskrifuðust 37 nemendur, 18 á þremur og hálfu ári (sjö önnur), átta nemendur á fjórum og hálfu ári (nín önnur) og aðrir á lengri tíma. Vorið 2021 útskrifuðust 44 nemendur frá skólanum, þar af 41 með stúdentspróf. Stúdentsprófinu luku 24 nemendur á 3 árum (sex önnur) eða 59%, fjórir nemendur á fjórum árum (átta önnur) og 13 á lengri tíma. Áætlað er að 24 nemendur útskrifist haustið 2021, 15 á þremur og hálfu ári (sjö önnur), tveir á fjórum og hálfu ári (nín önnur) og sjö á lengri tíma.

### Skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022

Skólastarf á haustönn 2021 hófst þann 16. ágúst með starfsdögum kennara og skólinn var settur þann 18. ágúst. Samkvæmt skóladagatali voru kennsludagar á haustönn 74 (37 á hvorri spönn) og námsmatsdagar 10 (fimm á hvorri spönn) eða samtals 84 dagar. Haustfrí í október taldi tvo daga,



úrvinnsla námsmats 4 daga og brautskráning fór fram þann 18. desember. Á vorönn 2022 eru kennsludagar áætlaðir 73 (37 og 36 á spönn) og námsmatsdagar 10 (fimm á hvorri spönn) eða samtals 83 dagar. Opnir dagar (Fardagar) eru þrír og vorfrí í mars telur þrjá daga. Úrvinnsludagar námsmats í mars og maí eru samtals fjórir og brautskráning áætluð þann 20. maí.

### Starfsmannafjöldi og fjöldi stöðugilda haustið 2021

Við ME störfuðu haustið 2021 alls 50 starfsmenn í 38,23 stöðugildum. Karlar voru 12 talsins í 10,11 stöðugildum og konur 28 talsins í 28,12 stöðugildum. Einn stundakennari starfaði við skólann á haustönn 2021 og kenndi sex tíma á viku.

Tafla 7. Störf og stöðugildi.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1		
Áfangastjóri			1	1
Kennslustjóri fjarnáms			1	1
Mannauðsstjóri			1	0,5
Fjármálastjóri			1	0,75
Kennslustjóri/-ar*	2	0,25 + 0,055 (eða 100 t. á ári)	3	0,25 + 0,11 (eða 200 t. á ári)
Verkefnastjóri/-ar*	2	0,25 + 0,055 (eða 100 t. á ári)	2	0,11 (eða 200 t. á ári)
Framhaldsskólakennari	8	6,5	16	12,25
Leiðbeinandi í kennslu			5	3
Stuðningsfulltrúi			3	2,13
Náms- og starfsráðgjafi			1	1
Kerfisstjóri	1	1		
Umsjónarmaður bókasafns			1	0,85
Umsjónarmaður fasteigna	1	0,5		
Ræstitæknir			3	2,35
Skrifstofustjóri			1	0,5
Húsbóndi á heimavist	1	0,5		
Forstöðumaður mötuneytis			1	0,92
Starfsmaður í mötuneyti			3	1,4**
<b>Samtals</b>	<b>12</b>	<b>10,11</b>	<b>38</b>	<b>28,12</b>

\*Verkefnis- og kennslustjórar teljast kennarar og telja því ekki sem auka starfsmenn í heildinni.

\*\*Starfsfólk mötuneytis er á sér kennitölu (sjálfseignarstofnun), fær ekki laun frá ME heldur mötuneyti ME.

## Menntun kennara

Tafla 8. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi
Ph.D. auk kennsluréttinda	0
MA/MS/MEd-próf auk kennsluréttinda	12
BA/BS/-próf auk kennsluréttinda	11
Háskólapróf án kennsluréttinda	3
Annað	3

Almenna reglan er sú að kennarar skólans eru menntaðir í þeim fögum sem þeir kenna. Einstaka undantekningar geta orðið á þessu ef sinna þarf afleysingu í skamman tíma og hægt að leysa úr málum innanhúss. Kennarar með svipaða menntun eru þá fengnir til að annast kennslu í tilteknu fagi tímabundið.

## Starfsaldur og starfsmannavelta

Meðal starfsaldur kennara við ME haustið 2021 var 14,56 ár. Starfsmannavelta hefur verið stöðug frá hausti 2017, skólaárið 2016-2017 var hún talsverð eða 13,6%. Á tímabilinu 2017-2021 hefur starfsmannavelta verið að meðaltali 4,15%.

Aldurssamsetning kennara er með þeim hætti að 42% þeirra eru 55 ára eða eldri.

Tafla 9. Starfsmannavelta í ME sl. 5 ár.

Tímabil	Hlutfall
2016-2017	13,6
2017-2018	2,4
2018-2019	4,7
2019-2020	4,6
2020-2021	4,9

## Forföll kennara

Forföll kennara voru 2% af heildar kennslustundafjölda á bæði haustönn 2020 og vorönn 2021.

## **Þriggja ára áætlun 2021-2023**

Skólinn hefur sett fram áætlun til næstu þriggja ára í samræmi við áherslu stjórnvalda á stefnumiðaða áætlanagerð (sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál).

Markmið málaflokksins eru að:

Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.

Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi.

Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

Í ljósi þess hyggst skólinn vinna að eftirtöldum markmiðum á tímabilinu:

1. Minnka brottfall nýnema sem og annarra nema úr námi við ME.
2. Auka fjölbreytni kennsluhátta og gæði náms við skólann.
3. Endurskoða nám og námsumhverfi í ME.
4. Viðhalda góðum skólabrag/skólamenningu í ME.
5. Efla skipulag stjórnunar ME gegnum bættu skilvirkni og aukið gagnsæi.
6. Auka sýnileika ME og tengsl við samfélagið gegnum nýja heimasíðu og samfélagsmiðla skólans.

Í þriggja ára áætlun skólans eru leiðir að fyrrgreindum markmiðum útlistaðar nánar.

## **Áhrif COVID-19 á skólastarfið**

Að mati stjórnenda gekk vel að halda úti skólastarfi þegar hertar sóttvarnareglur tóku gildi í mars 2020. Loka þurfti heimavist og mótuneyti skólans og nemendum og starfsfólki gert að sinna námi og störfum heimavið. Vegna áralangrar reynslu kennara af fjarkennslu samhliða kennslu í dagskóla gekk mjög vel að skipta alfarið yfir í fjarkennslu. Þá var innleiðing námumsjónarkerfisins Canvas komin vel á veg sem auðveldaði mjög umskiptin. Skólinn hafði á þessum tímapunkti lokið fyrri spönn vorannar og einungis síðari hluta annarinnar því ólokið. Skólahald í ME á tímum COVID-19 var því, þrátt fyrir breytilegar sóttvarnareglur, í föstum skorðum. Nám og kennsla fór fram skv. stundaskrá, engin merkjanleg aukning varð á brotthvarfi nemenda frá námi og námsárangur nemenda sambærilegur við fyrri ár og jafnvel betri.

# Viðmið og vísbendingar

## Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverkum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

### Mat á stjórnun og skipulagi:

#### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	S	M		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

## 1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

## 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	S	M		

#### 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

#### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.		S	M	
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	SM			
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S	M		

## **Páttur 2: Kennsla og námsframboð**

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### **Mat á kennslu og námsframboði:**

#### **2.1. Um nám og kennslu**

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

#### **VÍSSENDINGAR**

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	S	M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

## 2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tæk eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

## 2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, er stuðlað að námshvatningu, eru nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	S	M		



## 2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	SM			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			SM	

## 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	S	SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegar kennslu.		SM	S	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í Lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

##### 3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

#### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	S	M		

##### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

#### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

#### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	M	S		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.			SM	

#### **Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður**

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

#### **Mat á húsnæði og aðbúnaði:**

##### **VÍSBENDINGAR**

	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>D</b>
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	SM			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	SM			
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuáðstöðu í húsnæði skólans.	SM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

## Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í Lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólafarsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólafarsinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastigi eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### VÍSBENDINGAR

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	S	M		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	S	M		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í Lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		S		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	S			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	S			
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	S			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	S			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	S			

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### VÍSSENDINGAR

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	SM			
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	SM			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

## Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

### Um stefnur og áætlanir

Upplýsingar um hlutverk, gildi og sýn skólans eru á heimasíðunni. Inntak texta um hlutverk er í samræmi við 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þar segir einnig að stefna skólans sé að tryggja breiðum hópi fólks tækifæri til náms með fjölbreyttu námsframboði, kennsluháttum og námsmati ásamt persónulegri þjónustu, öflugum fjarnámi og samstarfi við aðra skóla. Einnig að skólinn ýti undir andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda og stuðli að aukinni þekkingu þeirra á umhverfi sínu og virðingu fyrir því. Jafnframt segir að lögð sé áhersla á samþættingu námsgreina og að skólinn leggi metnað sinn í að vera framsækinn og öflugur framhaldsskóli.

Í viðtölum við stjórnendur skólans kom fram að uppi séu áform um að endurskoða og skerpa betur á stefnu skólans, sérstöðu hans og framtíðarsýn og taka jafnframt saman með heildstæðum hætti öll meginmarkmið skólans og leiðir að þeim. Áform í þessa veru hafa verið listuð í umbótaáætlunum skólans nokkur undanfarin misseri.

Skólinn hefur skilgreint nokkur meginmarkmið sem hann hyggst vinna að í þriggja ára áætlun, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál og áherslur stjórnvalda í fjármálaáætlun 2021-2025 (sjá nánar á bls. 16). Tímasett áætlun um hvernig unnið verði að fyrrgreindum markmiðum er birt í þriggja ára áætlun skólans 2021-2024. Mótun meginstefnu fyrir skólann hefur fyrst og fremst verið í höndum stjórnenda. Aðkoma starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra haghafa hefur að þeirra sögn verið lítil og óformleg. Nefndir innan skólans annast stefnumótun og áætlanagerð í ýmsum málaflokkum, þar eiga kennarar og eftir atvikum annað starfsfólk og/eða nemendur sína fulltrúa.

Gildi skólans eru *virðing, gleði og jafnrétti* og sammæli um þau á meðal starfsfólks og nemenda. Skólinn leitast við að halda gildum sínum á lofti m.a. með því að tileinka hverju þeirra eina viku á skólaárinu. Grunnþættir menntunar endurspeglast að hluta í gildum skólans og innra starfi hans og hafa þeir verið til sérstakrar umfjöllunar í þróunarverkefni skólans á yfirstandandi skólaári. Markmiðið er að auka skilning á merkingu grunnþáttanna og sýnileika þeirra í daglegu starfi með nemendum.

Mikilvægt er að áform um markvissa endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn skólans verði að veruleika með það að leiðarljósi að skerpa enn betur á samhengi stefnu og starfshátta á öllum sviðum skólastarfsins. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja sem best aðkomu starfsfólks, nemenda, forráðafólks og eftir atvikum annarra haghafa að stefnumótuninni.



## Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Eins og áður segir er skólaárinu skipt upp í fjórar átta vikna spannar (sex kennsluvikur og eina námsmatsviku). Daglegur vinnutími nemenda hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 15:00 eða 15:50. Auk þess geta nemendur valið íþróttir kl. 8:00-8:45. Kennslustundum er skipt í bundna tíma og verkefnatíma. Stundatafla nemenda er samfelld, nemendur fara í verkefnatíma þegar ekki eru bundnir tímar í námsgrein. Bundnar kennslustundir í 5 eininga áfanga eru 5x55 mínútur. Í bundnum tímum er nemandinn í kennslustund hjá kennaranum í viðkomandi áfanga. Verkefnatímar sem fylgja hverjum 5 eininga áfanga eru 4x55 mínútur. Greinargóðar upplýsingar um daglegt fyrirkomulag náms og kennslu í dagskóla og fjarnámi eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Í viðtölum mátti glögggt greina almenna ánægju viðmælenda með spannakervið, þá var kerfið einnig oft nefnt sem ástæða þess að nemendur völdu skólann og á það jafnt við um dagskólanema og fjarnema. Fram kom að spanninar mörkuðu skólanum ákveðna sérstöðu sem vert væri að halda á lofti. Sömu viðhorf birtast í viðhorfskönnunum meðal starfsfólks, nemenda (í dagskóla og fjarnámi) og foreldra þar sem yfir 90% þátttakenda lýstu ánægju sinni með fyrirkomulagið. Helstu kostir spannakervisins voru að mati viðmælenda þeir að nemendur ættu auðveldar með að einbeita sér að færri viðfangsefnum, tíminn væri auk þess mun betur nýttur þar sem ljúka þyrfti yfirferð á skemmri tíma, nemendur þyrftu að vinna jafnt og þétt og ættu auðveldara með að stjórna álagi í náminu. Þá töldu nemendur að spanninar auðvelduðu þeim að skipuleggja námsframvindu sína þar sem þeir gætu skráð sig til náms fjórum sinnum á vetri. Helstu gallar vörðuðu hraða í yfirferð námsefnis og forföll nemenda þar sem fjarvistir t.d. vegna veikinda tækju yfir fleiri kennslustundir í hverjum áfanga, þá töldu tungumálakennarar að þjálfunarþátturinn í náminu fengi skemmri tíma samanborið við annakerfið.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur fjarnemum fjölgað verulega á síðustu misserum. Stjórnendur skólans þakka það m.a. spannakerviinu, sbr. hér ofar, góðu skipulagi á allri umgjörð námsins og góðri þjónustu kennara og starfsfólks skólans. Dæmi eru um að fjarnemar hafi stundað nám á ýmsum námsbrautum og/eða í nokkrum framhaldsskólum og eigi því fjölbreyttan námsferil að baki. Í slíkum tilvikum hafa stjórnendur lagt áherslu á að meta fyrra nám nemenda m.a. með hliðsjón af mögulegum námslokum af námsbrautum skólans. Vinnureglur fjarnáms og verklag við mat á námi frá öðrum skólum eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólinn hefur unnið að mótun stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðunni. Flestar þeirra tilgreina markmið og helstu verkefni, en í sumum tilvikum vantar nánari upplýsingar um innleiðingu (innleiðingaráætlun), árangursviðmið og mat á framvindu og/eða stöðu mála.

Jafnréttisstefnu skólans er fylgt eftir með jafnréttisáætlun og jafnlaunastefnu og hlaut skólinn endurvottun jafnlaunastaðals í febrúar 2021. Jafnréttisstefna skólans tekur fyrst og fremst til kynjajafnréttis og varðar annars vegar skólann sem vinnustað og hins vegar skólann sem menntastofnun. Fyrirhugað er að sameina jafnréttis- og jafnlaunastefnu skólans. Báðum stefnum fylgir aðgerðaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár. Ýmsir þættir hafa verið til skoðunar hjá innra mats hópi skólans og þá jafnframt mældir með formlegum hætti í s.s. Starfsmannapúlsi, kennarakönnunum, ME-púlsum og könnunum Sameykis um *Stofnun ársins*. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd skipuð fulltrúum starfsfólks og nemenda er starfandi við skólann.

Starfsmannastefna skólans lýsir helstu markmiðum er lúta að starfsmannamálum en upplýsingar um verkferla, innleiðingarátætlun og árangursviðmið eru ekki aðgengilegar á ytri vef skólans. Handbók starfsfólks og verkferlar varðandi móttöku nýrra starfsmanna er á innri vef skólans. Talsverð tengsl eru við jafnréttisstefnu og mögulega mætti fella þessar stefnur betur saman þar sem það á við. Starfsmannastefnu er fylgt eftir með mælingum í viðhorfskönnunum á meðal starfsfólks, sbr. hér framfar og jafnframt í samtölum stjórnenda og starfsfólks.

Skólinn hefur sett sér heilsustefnu þar sem skilgreind eru nokkur meginmarkmið er varða næringu, hreyfingu, geðrækt og forvarnir gegn neyslu áfengis og vímuefna. Stefnunni fylgir listi yfir mikilvæg verkefni en upplýsingar um innleiðingu þeirra, stöðumat og árangursviðmið vantar. Skólinn hefur tekið virkan þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Umhverfis- og loftslagsstefnu skólans er m.a. fylgt eftir með þátttöku í *5 grænum skrefum* og lauk skólinn nú nýverið innleiðingu á 5. skrefinu. Þá hefur skólinn birt gátlista varðandi aðgerðir í umhverfismálum en nánari upplýsingar um innleiðingarátætlun og árangursviðmið vantar. Skólinn hefur sett sér mælanleg markmið í loftslagsmálum. Ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála er fylgt eftir í umbótaáætlun skólans.

Persónuverndarstefna skólans tiltekur hvernig skólinn hyggst uppfylla lagaskyldu um vernd persónuupplýsinga. Stefnan lýsir verklagi skólans með greinargóðum hætti, nánari upplýsingar varðandi innleiðingu og eftirfylgd með stefnunni eru ekki aðgengilegar á ytri vef skólans.

Þá hefur skólinn einnig birt á heimasíðu sinni ýmsa verkferla/starfs- og viðbragðsáætlanir, má þar nefna móttökuáætlanir fyrir annarsvegar nemendur af erlendum uppruna og hins vegar nýnema úr grunnskólum. Nemendabjónustan hefur sett sér verklagsreglur og upplýsingar um verklag varðandi innritun nýnema eru aðgengilegar á ytri vef. Í viðtölum við stjórnendur kom m.a. fram að ýmsir verkferlar væru einungis aðgengilegir á innri vef og jafnframt að unnið væri að gerð verkferla í tengslum við fleiri þætti í starfsemi skólans.


Undir hnappnum *Öryggismál* er rýmingaráætlun skólans, viðbragðsáætlun við vá s.s. ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl. auk texta um áfallaáætlun en sjálf áætlunin er ekki meðfylgjandi. Þarna er einnig að finna stefnu skólans og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis o.fl. Stefnan tekur fyrst og fremst til starfsfólks og mögulega mætti því aðgreina hana og tengja betur við starfsmannastefnu skólans annars vegar og nemendur hins vegar, ekki síst þann hluta er varðar viðbrögð við einelti. Getið er um viðurlög við brotum á reglum skólans undir yfirheitinu *Almennir þættir í starfi skólans, Fræðsla*. Þessar upplýsingar/reglur mættu vera mun aðgengilegri, t.a.m. ofar í veftrénu og/eða nær öðrum reglum skólans. Þá er einnig mikilvægt að huga betur að umfjöllun um málsmeðferð m.a. með tilliti til ólögráða nemenda og ákvæða stjórnarsýslulaga um meðferð mála.

Almennar skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans ásamt reglum um m.a. skólasókn, umgengni, verkefnaskil, tölvunotkun, nemendaferðir, námsframvindu og prófhald. Þeim nemendum sem víkja verulega frá viðmiðum skólans um verkefnaskil og/eða skólasókn býðst að gera sérstakan samning við skólameistara. Upplýsingar um viðurlög við brotum á fyrrgreindum reglum skólans eru fremur almennt orðaðar og mikilvægt að samræma betur texta um viðurlög. Eins og fyrr segir þá er jafnframt mikilvægt að tilgreina með skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra og tryggja með þeim hætti samræmi í viðbrögðum þegar upp koma mál. Þá er og mikilvægt að kanna

með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim verkferlum sem skólinn hefur sett sér og betrubæta þá í ljósi reynslunnar.

Starfslýsingar fyrir nær öll störf eru aðgengilegar á innri vef skólans og eru til umræðu og endurskoðunar í starfsmannaviðtölum. Rætt var við allt starfsfólk skólans á sl. skólaári. Í Starfsmannapólsí, sem lagður var fyrir starfsfólk skólans 2021, kemur fram að um 90% telja að markmið, væntingar og ábyrgðarmörk varðandi störf þeirra séu skýr og að þeir viti nákvæmlega til hvers sé ætlast.

Skipurit skólans var endurskoðað nýlega og lýsir ágætlega stjórnun, starfseiningum og störfum innan hans. Þar sem skólinn er fámennur er stjórnunarstrúktúrinn láréttur og hefur skólameistari því í raun yfirumsjón með öllum starfseiningum innan hans. Skipuritið gerir að öðru leyti ekki grein fyrir mannaforráðum, kennslustjórar, verkefnisstjórar og umsjónarmenn á þjónustusviðum skólans virðast því ekki hafa mannaforráð eða gegna stjórnunarhlutverki gagnvart öðru starfsfólki.




Mynd 12. Skipurit Menntaskólans á Egilsstöðum.

## Um stjórnendur

Í ME skipa auk skólameistara, áfangastjóri, kennslustjóri fjarnáms og mannauðsstjóri stjórnendateymi skólans. Meginverkefni áfangastjóra er að annast skipulag á daglegu starfi skólans, skráningu nemenda í áfanga og mat á fyrra námi, þá tekur hann einnig virkan þátt í nemendaþjónustuteyminu og situr í innra mats hópi skólans. Verkefnastjóri fjarnáms annast skipulag fjarnáms og skráningu fjarnema og er jafnframt staðgengill skólameistara. Mannauðsstjóri er í 50% starfshlutfalli og hefur umsjón með starfsmannamálum þ.m.t. starfsmannastefnu, jafnlaunastefnu og jafnlaunavottun, umbótaáætlun skólans, heimasíðu og samfélagsmiðlum og starfar að auki í innra mats hópi skólans. Að mati stjórnenda er verkaskipting þeirra á milli almennt skýr.

Viðmælendur voru sammála um að skólameistari og stjórnendur skólans nytu virðingar og mikils trausts á meðal starfsfólks, nemenda, foreldra og almennt í nærsamfélagi skólans og að ánægja væri með störf þeirra. Skólameistari var sagður veita skólanum faglega forystu sem m.a. birtist í metnaði hans fyrir hönd skólans, framsækni einkum á sviði tölvu- og upplýsingatækni, áherslu á að bæta aðbúnað og aðstöðu starfsfólks og nemenda og umhyggju fyrir velferð og líðan þeirra sem skólasamfélaginu tilheyra. Hið sama má segja um aðra stjórnendur skólans; metnaður, umbótaáhugi og umhyggja fyrir velferð og líðan nemenda og starfsfólks var sagt einkenna störf þeirra. Fram kom að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott og dyr þeirra öllum opnar. Þá væri einnig gott að leita til stjórnenda eftir stuðningi og aðstoð. Skólameistari var sagður leitast við að koma fljótt og vel til móts við óskir og þarfir starfsfólks varðandi aðstöðu og búnað, þá væri hugmyndum um þróun og breytingar vel tekið og starfsfólk hvatt til starfsþróunar. Þá kom einnig fram að stjórnendur skólans legðu sig fram um að miðla upplýsingum varðandi skólastarfið, upplýsingaflæði til starfsfólks væri því jafnan gott. Í viðtölum við nemendur kom m.a. fram skólameistari væri mjög sýnilegur í skólanum. Þær kannanir sem gerðar hafa verið á meðal starfsfólks, nemenda og foreldra/ forráðamanna styðja vel við fyrrgreind viðhorf.

Starfsfólk skólans hefur undanfarin ár tekið þátt í könnun Sameykis um *Stofnun ársins* og þátttaka almennt verið góð. Nú nýlega hlaut skólinn nafnbótina *Stofnun ársins 2021* í flokki stofnana með 40-89 starfsmenn. Þá var skólinn í sjöunda sæti þegar tekið er mið af öllum stofnunum 152 talsins.



**Mynd 13. Röðun ME skv. könnuninni Stofnun ársins á tímabilinu 2016-2021.**

Meðaleinkunn skólans á tímabilinu 2017-2021 var 4,4 og meðaleinkunn stjórnunar á umræddu tímabili 4,5. Í könnun telst ME vera meðalstór stofnun og hefur á tímabilinu 2017-2021 tekið stórt

stökk upp á við, var árið 2016 í 34. sæti en árið 2017 í 11. sæti. Skólinn var í 5. sæti árið 2020 og fékk þá merki fyrirmyndarstofnunar 2020.

Upplýsingar um skólaráð og skólanefnd eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólanefnd fundar reglulega eða að jafnaði þrisvar sinnum á önn. Nefndin hefur sett sér verklagsreglur um fundarsköp og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðunni. Hlutverk skólanefnda hefur tekið breytingum á undanförunum árum og var það mat viðmælenda að núorðið hafi hún í raun lítil áhrif og hlutverk hennar fyrst og fremst fólgið í eftirliti með meginþáttum í starfi skólans. Á fundum nefndarinnar hefur t.a.m. verið fjallað um rekstur, starfsmannahald, nýjungar og breytingar í námi og kennslu, mat á skólastarfinu, félagslíf nemenda og annað sem hæst ber hverju sinni, m.a. með hliðsjón af fundargerðum kennara- og starfsmannafunda. Kennarar, nemendur og foreldrar hafa áheyrnarfulltrúa í skólanefnd, fram kom að áhersla væri lögð á að leita eftir viðhorfum þeirra í umræðum á fundum nefndarinnar.

Fundir í skólaráði eru að sögn stjórnenda fremur fátíðir. Verkefni ráðsins hafa m.a. snúið að undirbúningi skóladagatala og samráð haft við fulltrúa nemendaráðs um dagsetningar á helstu viðburðum í félagslífi nemenda.

Skólafundur (skv. 9. gr. laga um framhaldsskóla 92/2008) er ekki fastur liður í starfi skólans. Haldnir hafa verið fundir með aðkomu allra dagskólanema þar sem tiltekin mál voru tekin til umfjöllunar í umræðuhópum nemenda.

Ýmsar nefndir eru starfandi innan skólans og flestar þeirra skipaðar kennurum/starfsfólki og nemendum, má þar m.a. nefna jafnréttisnefnd, heilsunefnd, öryggisnefnd og umhverfisnefnd. Meginverkefni nefndanna er að fylgja eftir stefnu skólans í viðkomandi málaflokkum.

## Um innra mat

Í innra mats hópi skólans sitja fjórir kennarar auk áfangastjóra og mannauðsstjóra. Hópurinn annast reglubundið mat á tilteknum þáttum í starfsemi skólans. Skýrslur með helstu niðurstöðum matsverkefna viðkomandi skólaárs eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, þar er jafnframt að finna matsáætlun skólans til ársins 2024. Í matsáætlun kemur fram hvenær áætlað er að leggja tilteknar viðhorfskannanir fyrir nemendur, starfsfólk, foreldra og fyrrum nemendur skólans. Skólinn tekur þátt í Framhaldsskólapúlsi og Starfsmannapúlsi<sup>1</sup> og leggur einnig styttri kannanir (ME-púlsinn/Jarmið) um tiltekin mál fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Innra mat skólans byggir fyrst og fremst á viðhorfskönnunum þ.e. meginlegum gögnum. Nefndin tekur saman helstu niðurstöður úr Framhaldsskóla- og Starfsmannapúlsi (það sem var jákvæðast/neikvæðast) og birtir á heimasíðu skólans. Að auki eru niðurstöður úr könnunum Sameykis, *Stofnun ársins*, birtar á heimasíðunni.

Í Framhaldsskólapúlsi og viðhorfskönnunum á meðal nemenda (ME-púlsinum) er m.a. lögð áhersla á að kanna viðhorf þeirra til ýmissa þátta er varða náms- og kennsluhætti, námsmat, ástundun, samskipti og líðan. Nemendur eru hvattir til að taka þátt og þátttaka þeirra því verið vel yfir 90% í Framhaldsskólapúlsi og um 75% í ME-púlsi. Skólinn hefur kannað viðhorf fjarnema til ýmissa þátta er varða fyrirkomulag fjarnáms, þátttaka þeirra hefur verið á bilinu 40-50%.

---

<sup>1</sup> Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar kannanir fyrir nemendur og starfsfólk í viðkomandi skóla. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á heimasíðu fyrirtækisins <https://skolapulsinn.is>

Mat á áföngum (kennslumat) fer fram með reglubundnum hætti. Þeir áfangar sem kenndir eru við skólann eru til skoðunar á u.þ.b. þriggja spanna fresti. Leitað er eftir viðhorfum nemenda til virkni þeirra og framfara í námi, samskipta við kennara, álags og líðan í kennslustundum. Skýrsla fyrir hvert matstímabil, sem sýnir meðaltöl allra áfanga með myndrænum hætti, er birt á heimasíðu skólans. Niðurstöður úr mati á sérhverjum áfanga eru einungis aðgengilegar viðkomandi kennara og stjórnendum. Notast er við forritið SurveyMonkey í viðhorfskönnunum á vegum skólans og INNU í áfangamati.

Þátttaka starfsfólks í Starfsmannapúlsi sl. tvö ár hefur verið um 90%. Í kennarakönnunum sem lagðar hafa verið fyrir kennara skólans er m.a. spurt um vinnuaðstæður, álag í starfi, samstarf, samskipti, líðan og endurmenntun/starfsþróun. Þátttaka hefur verið á bilinu 70-80%. Styttri kannanir um afmörkuð efni (ME-púlsinn/Jarmið) eru lagðar fyrir starfsfólk þegar þörf er talin á, má þar m.a. nefna kannanir varðandi styttingu vinnuvikunnar, ferðavenjur, endurmenntun og líðan í COVID-19. Í viðtölum kom fram að með þessum móti væri leitast við að hafa puttann á púlsinum og bregðast hratt og vel við þeim niðurstöðum sem kannanir leiða í ljós.

Undanfarið hafa viðhorf foreldra til skólastarfsins verið til skoðunar og kannanir þar að lútandi lagðar fyrir u.þ.b. annað hvert ár, nú síðast á yfirstandandi skólaári. Spurningalisti var sendur á 272 netföng foreldra/forráðamanna, 140 brugðust við og tóku þátt, svarhlutfall var því um 51%.

Árið 2019 gerði hópurinn könnun á meðal stúdenta sem brautskráðust frá skólanum 2014-2016, spurt var um viðhorf þeirra til skólans og afdrif að námi loknu. Í úrtakinu voru 142 stúdentar og svarhlutfall um 80%. Jafnframt var stuðst við eigindlega nálgun og viðtöl tekin við tíu nemendur.

Í skýrslum starfshóps um innra mat á tímabilinu 2016-2020 var eins og fyrr segir lögð áhersla á að draga saman helstu niðurstöður þeirra matsverkefna sem unnið var að á viðkomandi skólaári. Niðurstöður eru birtar með myndrænum hætti og stundum með samanburði við niðurstöður fyrri ára. Matið er umbótamiðað og ætlað að stuðla að því að gera góðan skóla enn betri. Í skýrslunum er hins vegar ekki lögð áhersla á að rýna niðurstöður með hliðsjón af markmiðum skólans eða skilgreindum árangursviðmiðum, né heldur eru þar settar fram tillögur að umbótum eða umbótum fylgt eftir með mælingum/mati. Hópurinn kemur því ekki með beinum hætti að umbótaáætlun skólans, hins vegar eiga áfangastjóri og mannauðsstjóri sæti í hópnum og eitt af verkefnum mannauðsstjóra, að höfðu samráði við skólameistara, er að uppfæra umbótaáætlun skólans að hausti og fylgja málum eftir. Í Árskýrslu ME 2020 kemur fram að markmið umbótaáætlunar sé að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út í matsskýrslu eða könnunum síðasta skólaárs og sé því leiðarljós í þeirri viðleitni skólans að auka gæði skólastarfsins og þeirrar þjónustu sem ME stendur fyrir. Í umbótaáætlun er, auk þess sem fyrr greinir, tekið mið af upplýsingum úr starfsmannasamtölum og mati á stöðu ýmissa verkefna sem unnið er að innan skólans.

Í umbótaáætlun fyrir tímabilið 2021-2023 er verkefnum skipti í fimm flokka þ.e. stjórnun og skipulag (17 verkefni), kennslu og námsframboð (tvö verkefni), samskipti og líðan (fimm verkefni), húsnæði og aðbúnað (fjögur verkefni) og vinnuverndarþætti (þrjú verkefni), samtals eru verkefnin 31. Verkefni sem snúa beinlínis að námi og kennslu (kjarnastarfsemi skólans) eru í samanburðinum fremur fá. Æskilegt væri að beina sjónum í ríkara mæli að námi, kennslu og árangri nemenda og taka í því sambandi mið af niðurstöðum kannana og annarra gagna. Þá væri einnig æskilegt að skilgreina með markvissari hætti ábyrgðaraðila með verkefnum, skrá niðurstöður fyrri mælinga séu þær fyrirbyggjandi og skilgreina mælanleg árangursviðmið til skemmri/lengri tíma þar sem það á við.

Eins og áður hefur komið fram eru tiltekin verkefni skilgreind í þriggja ára áætlun skólans og spurning hvort það myndi auðvelda/einfalda yfirsýn að sameina öll umbótaverkefni skólans undir einum hatti.

Niðurstöður innra mats eru kynntar á kennarafundum og eftir atvikum á fundum með stjórn Foreldra- og hollvinafélagsins. Þá eru niðurstöður innra og ytra mats reglulega til umræðu á fundum skólanefndar. Í viðtölum við nemendur kom fram að niðurstöður viðhorfskannana þeirra á meðal væru oftast kynntar á upplýsingaskjá skólans en sjaldan ræddar á fundum með nemendum. Gott aðgengi að matsskýrslum er á heimasíðu skólans.

## Styrkleikar

- Heimasíða skólans er jafnframt skólanámskrá hans, upplýsingar um námsframboð, starfsáætlanir, starfshætti og þjónustu skólans eru aðgengilegar þar.
- Stefna skólans er í samræmi við hlutverk framhaldsskóla eins og það er skilgreint í lögum.
- Grunnþættir menntunar endurspeglast að hluta í gildum skólans og innra starfi hans og hafa verið til sérstakrar umfjöllunar í þróunarverkefni skólans á yfirstandandi skólaári.
- Skólinn hefur unnið að mótun stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðunni. Flestar þeirra tilgreina markmið og helstu verkefni.
- Skólinn hefur mótað sér stefnu varðandi fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Skipurit skólans lýsir starfsemi hans og verkaskiptingu starfsfólks, starfslýsingar eru aðgengilegar starfsfólki á innri vef.
- Settar hafa verið fram áætlanir til næstu þriggja ára varðandi þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að í samræmi við áherslu stjórnvalda á stefnumiðaða áætlanagerð.
- Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.
- Stjórnendur skólans njóta mikils trausts og virðingar. Metnaður, umbótaáhugi og umhyggja fyrir velferð og líðan nemenda og starfsfólks einkennir störf þeirra.
- Aðgengi starfsfólks og nemenda að stjórnendum er mjög gott.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks er góð.
- Skólanefnd fundar með reglubundnum hætti, fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðunni.
- Innra mat skólans byggir annars vegar á viðhorfskönnunum á meðal haghafa til starfshátta skólans og hins vegar á stuttum könnunum um þau mál sem eru til umfjöllunar í skólanum hverju sinni. Áhersla er lögð á skjót viðbrögð við niðurstöðum.
- Niðurstöður matsverkefna eru birtar á heimasíðu skólans svo og ársskýrsla innra mats hóps.
- Umbótaáætlun byggir m.a. á niðurstöðum innra mats og er aðgengileg á heimasíðunni.

## Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að áform um markvissa endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn skólans verði að veruleika með það að leiðarljósi að skerpa enn betur á samhengi stefnu og starfshátta á öllum sviðum skólastarfsins.
- Tryggja sem best aðkomu starfsfólks, nemenda, forráðafólks og eftir atvikum annarra haghafa að stefnumótun skólans.
- Fylgja stefnumiðum skólans í tilteknum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu (innleiðingaráætlun), árangursviðmiðum og mati á framvindu og/eða stöðu mála.

- Samræma texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti, m.a. með hliðsjón af ólögráða nemendum og stjórnsýslulögum, og gera upplýsingar þar að lútandi aðgengilegri á heimasíðu skólans. Jafnframt er mikilvægt að tilgreina með skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra og kanna með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim.
- Fastsetja skólafundi og fundi í skólaráði og nýta þá með markvissari hætti til umræðu og ákvarðanatöku.
- Leggja ríkari áherslu á að skilgreina skýr matsviðmið þar sem það á við og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim.
- Nýta betur til umbóta þau matsgögn sem veita upplýsingar um náms- og kennsluhætti og árangur nemenda.
- Umbótaáætlun taki í auknu mæli mið af kjarnastarfsemi skólans þ.e. námi og kennslu.
- Skilgreina með markvissari hætti ábyrgðaraðila með umbótaverkefnum, skrá niðurstöður fyrri mælinga séu þær fyrirbyggjandi og skilgreina mælanleg árangursviðmið til skemmri/ lengri tíma þar sem það á við.



## Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Um námsframboð

Formleg vinna við gerð núgildandi skólanámskrá hófst haustið 2009 þegar unnin voru drög að nýjum námsbrauta- og áfangalýsingum í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Innleiðing námsbrautahluta nýrrar skólanámskrár hófst haustið 2011 og almenna hluta hennar árið 2012. Ákveðið var að leggja áherslu á að birta skólanámskrá á heimasíðu skólans, skólanámskráin er því í raun heimasíðan [www.me.is](http://www.me.is) Námsframboð skólans var aðlagð að þriggja ára stúdentsprófi haustið 2014. Í stúdentsprófinu eru 206 einingar, nemendur ljúka að meðaltali um 30-33 einingum á önn eða 15-17 einingum á hverri spönn. Endurskoðun á námsframboði skólans er nýlokið, í ljós kom að almenn sátt reyndist vera um námsbrautirnar en nokkrar breytingar gerðar á uppbyggingu náms og inntaki áfanga á námsbrautum og námslínunum skólans. Leitast er við að bjóða nemendum fjölbreytt viðfangsefni í frjálsum vali. Í samtölum við kennara voru sumir þeirrar skoðunar að leggja mætti ríkari áherslu á umfjöllun um mannréttindi og kynjafræði í námi nemenda. Heimasíða skólans var uppfærð og endurbætt árið 2020.

Að mati viðmælenda er skólinn að mæta væntingum nærsamfélagsins varðandi námsframboð nokkuð vel sé tekið mið af stærð skólans og fjölda nemenda. Ljóst er að bóknám hentar þó ekki öllum nemendum og hefur skólinn því leitað leiða til koma til móts við þá nemendur sem hugnast betur að stunda list- og/eða verknám. Listnámsbraut hefur verið starfrækt við skólann í rúm 10 ár, þá hefur aðstaða til náms í margmiðlun og hönnun verið eflað með tilkomu tæknismiðju sem er vel búin tölvum og tæknibúnaði. Uppi eru áform um að bjóða nemendum að stunda fornám til undirbúnings starfsnáms. Að mati stjórnenda skólans er mikilvægt að gera skólum á landsbyggðinni kleift að mæta þörfum nemenda sem best með fjölbreyttara námsframboði enda væri það í samræmi við markmið í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar um að efla starfsnám og minnka brotthvarf nemenda frá námi.

Við núverandi aðstæður ræðst fjölbreytileiki í námsframboði skólans fyrst og fremst af þeim fjölda nemenda sem skráður er til náms hverju sinni og hefur skólinn því lagt áherslu á að fjölga fjarnemum og þjónusta þá sem best. Fjöldi í fæðingarágöngum á upptökusvæði skólans er nokkuð stöðugur og veruleg fjölgun dagskólanema því ekki í sjónmáli.

Skólinn tekur virkan þátt í samstarfi framhaldsskóla um Fjarntenntaskólann, markmið hans er að auka fjölbreytni í námi nemenda með því að bjóða þeim að ljúka námsáföngum við samstarfsskóla. Skólinn er einnig aðili að samstarfsverkefni framhaldsskóla um eflingu starfsnáms á landsbyggðinni,

þar sem markmiðið er að gefa nemendum kost á að stunda starfsnám í heimabyggð. ME hefur boðið upp á starfsnám á félagsliðabraut að því tilskildu að nægur fjöldi umsókna berist um námið. Fleiri námsleiðir hafa verið til skoðunar í skólanum með hliðsjón af þörfum nærsamfélagsins, má þar nefna nám á sviði skógfræða, ferðamála og flugs.

## Um nám og kennslu

Upplýsingar um skipan náms á öllum námsbrautum skólans eru á heimasíðunni, vísað er til nánari upplýsinga um hæfni nemenda við lok náms á viðkomandi námsbraut með tengli í námskrárgrunninn [www.namskra.is](http://www.namskra.is) Námsbrautir skólans hafa hlotið samþykki Menntamálastofnunar.

Áfangalýsingar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans og jafnframt vísað í námskrárgrunninn [www.namskra.is](http://www.namskra.is) varðandi þau viðmið um þekkingu, leikni og hagnýta hæfni sem vænst er að nemendur hafi öðlast við lok náms í viðkomandi áfanga. Kennarar gera nemendum grein fyrir viðfangsefnum viðkomandi áfanga og hæfniviðmiðum í kennsluáætlun, þar eru að auki upplýsingar um fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats. Kennsluáætlanir eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans en þess í stað birtar nemendur í námsumsjónarkerfinu Canvas og vistaðar á sameiginlegu Teams svæði kennara og stjórnenda.

Nemendur í fjarnámi eru ýmist í námshópum með dagskólanemum og fylgja sömu kennsluáætlun eða mynda sérstaka námshópa í viðkomandi áfanga og fylgja þá að einhverju leyti sérsniðinni kennsluáætlun.

Spannakerfið hefur eins og fyrr segir áhrif á fyrirkomulag náms og kennslu. Stytttri námstímabil gera þá kröfu til nemenda að þeir séu agaðir og sinni námi sínu jafnt og þétt. Með því að leggja áherslu á verkefnaþátt nám er jafnframt leitast við að auka ábyrgð og virkni nemenda. Áherslu skólans á verkefnaþátt nám má rekja aftur til ársins 1983 en þá var ákveðið að bregða út af hefðbundnum kennsluháttum og svonefndu opnu kerfi, sem síðar var kallað stoðkerfi, komið á. Nemendum var þá frjálst að ákveða í hvaða stoðtíma þeir mættu og hvaða verkefnum þeir sinntu. Kennarar voru til staðar í tilteknum stofum og voru nemendum til aðstoðar. Rétt eins og nú hafði fyrirkomulagið það að markmiði að auka virkni nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.

Í verkefnatímum vinna nemendur einir eða í hópum og hafa kennara sér til aðstoðar, oftast er um að ræða kennara í viðkomandi áfanga eða skyldum námsgreinum. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki heimavinnu í verkefnatímum og geti því sinnt öðrum hugðarefnum að skóladegi loknum. Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að verkefnin væru mjög mismunandi, í sumum greinum væri fyrst og fremst unnið að verkefnum upp úr kennslu- og vinnubókum en í öðrum væru verkefnin fjölbreyttari. Þá sögðu þeir misjafnt eftir áföngum/kennurum hversu fjölbreytt form væri á verkefnaskilum, í sumum áföngum, t.d. í tungumálum og samfélagsgreinum, væri talsverð fjölbreytni og hægt að skila t.d. ritgerð, kynningu, myndbandi eða veggspjaldi en í öðrum væri minna eða ekkert val um skilaform. Fram kom að einstaklingsverkefni væru algengust en stundum væri um hópverkefni að ræða og nemendum þá skipt í hópa. Þá kom einnig fram að þó svo að ekki væri ætlast til samvinnu nemenda í hópum þá ynnu nemendur einstaklingsverkefni gjarnan saman. Þó svo að verkefnatímarnir séu bókaðir í tilteknar stofur þá mega nemendur, með leyfi kennara, færa sig um set og vinna að verkefnum í öðrum rýmum. Sumir kennarar vilja þó að nemendur láti vita af sér í lok tímans.

Á lokaári náms við skólann vinna nemendur að lokaverkefni. Val á viðfangsefni er frjálst og verkefnið skipulagt í samráði við leiðbeinanda. Hægt er að útfæra verkefnið og verkefnaskil með ýmsu móti s.s. í formi ritgerðar, vefsíðu, heimildamyndar, sýningar, tímaritsgreinar, bókagerðar, portfolio, útvarpsþáttar eða rannsóknarskýrslu. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð nemenda. Í lok annar fer fram kynning á lokaverkefnum nemenda.

Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólalámsi 2020-2021 er hvatning til ígrundunar (vitsmunalegrar örvunar) marktæk meiri í ME samanborið við aðra skóla. Þær spurningar sem lagðar eru til grundvallar þessum tiltekna matsþætti varða fyrst og fremst verkefnavinnu nemenda. Þannig sögðu 72% nemenda að kennarar legðu alltaf/næstum alltaf eða oft fyrir verkefni sem krefðust umhugsunar í talsverðan tíma og 67% sögðu að kennarar legðu alltaf/næstum alltaf eða oft fyrir verkefni sem krefðust þess að nemendur beittu því sem þeir hefðu lært í nýju samhengi. Þeir þættir sem nemendur töldu eiga sjaldnar við vörðudu verkefni þar sem aðferðin við að leysa þau væri ekki augljós og verkefni sem hægt væri að leysa á nokkra mismunandi vegu en 51% nemenda sögðu að það ætti stundum eða næstum aldrei/aldrei við. Í áfangamati á haustspönn 2021 voru 98% nemenda sammála eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að kennarar hvettu til sjálfstæðra vinnubragða.

Í viðtölum voru nemendur sammála um að gott væri að leita eftir aðstoð kennara í verkefnatímum þegar þeir þyrftu á því að halda, þá voru þeir almennt ánægðir með fyrirkomulagið og vildu ekki fjölga bundnum tímum á kostnað verkefnatímanna. Viðhorf nemenda til verkefnatímanna voru síðast til athugunar hjá innra mats hópi skólans árið 2018. Þá voru 85% nemenda þeirrar skoðunar að kennarar gætu mjög oft eða oft aðstoðað þá í verkefnatímum en talsvert lægra hlutfall eða 54% sagðist leita eftir aðstoð kennara í tímum. Í sömu könnun töldu rúm 90% nemenda að einstaklingsverkefni og mörg smærri verkefni hentuðu þeim mjög vel eða vel en 42% töldu að hópverkefni og verkleg verkefni (s.s. myndbönd, listaverk o.fl.) hentuðu þeim illa eða mjög illa. Áhugavert væri að vita hvort viðhorf nemenda hafi breyst á þeim tíma sem liðinn er.

Kennarar voru þeirrar skoðunar að oftast gangi vel að fylgja vinnu nemenda eftir þó vissulega væru dæmi um að nemendur sinntu námi sínu ekki sem skyldi í verkefnatímum. Almennt væru tímarnir þó að nýtast nemendum vel og flestir vildu ljúka námi sínu í skólatíma. Í könnun (Jarmi) sem gerð var á meðal kennara haustið 2021 voru 86% kennara mjög ánægðir eða ánægðir með verkefnatímum.

Bundnu tímarnir voru að sögn nemenda m.a. nýttir til innlagna í formi fyrirlestra/beinnar kennslu og/eða umræðu og undirbúnings stærri verkefna. Þá kom einnig fram að mjög lítið væri um verklegar æfingar í efnafræði og líffræði en nokkuð um tilraunir í eðlisfræði. Að mati nemenda eru kennslustundir almennt vel undirbúnar og skipulag hjá kennurum gott. Í skýrslu um niðurstöður áfangamats á haustspönn 2021 voru 95% nemenda sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir tækju virkan þátt í kennslustundum. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólalámsi 2020-2021 mældist virk þátttaka nemenda í tímum marktækt meiri en í öðrum skólum, 86% dagskólanema sögðust fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í flestum eða öllum tímum og 84% voru mjög eða frekar sammála því að þeir fengju tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar í flestum eða öllum tímum. Þá voru 94% nemenda mjög eða frekar sammála því að þeir hlustuðu í tímum og 90% að þeir tækju eftir í tímum. Á hinn bóginn voru einungis 41% nemenda þeirrar skoðunar að rökræður eða skipulegar umræður færu fram í flestum eða öllum tímum og 36% að umræður um námsefnið færu fram í flestum eða öllum tímum. Í könnun sem gerð var á meðal

kennara 2021 kom fram 21% þeirra legði áherslu á að fjarnemar hefðu samskipti hverjir við aðra t.d. með hópverkefnum eða umræðum.

Í rýnihópum kennara og nemenda voru þátttakendur sammála um að kennsluhættir í skólanum væru fjölbreyttir og var þá m.a. vísað til verkefnatímanna, fjölbreytni verkefna og virkni nemenda. Samkvæmt ofangreindu má draga þá ályktun að kennarar leggi ríka áherslu á virkni nemenda, ígrundun og sjálfstæði í vinnubrögðum í tengslum við verkefnavinnu þeirra. Minni áhersla virðist hins vegar vera lögð á hópvinnu og markvissar umræður/rökræður í kennslustundum.

Skólaárin 2016-2018 fór fram markviss innleiðing á leiðsagnarmati, um sérstakt þróunarverkefni var að ræða og sérfræðingur frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri fenginn til að styðja kennara í breytingarferlinu. Í umræðu innan skólans er hugtakið leiðsagnarnám notað í stað leiðsagnarmats, þar með er lögð ríkari áhersla á áhrif leiðsagnar kennara á nám nemanda þ.e. á námsferlið sjálft. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu skólans er leiðsagnarmatinu/-náminu ætlað að leiðbeina nemendum á uppbyggilegan hátt um hvernig þeir geti bætt frammistöðu sína, íhugað eigin framfarir og metið nám sitt og vinnubrögð. Kennarar veita nemendum reglulega endurgjöf sem ætlað er að styðja við og efla hæfni nemenda til að takast á við námið. Nánari útlitun á nálgun skólans og/eða útfærslu á leiðsagnarnámi er ekki að finna á heimasíðunni. Í könnun sem gerð var á meðal kennara árið 2019 voru þeir m.a. spurðir með hvaða hætti þeir hefðu aðlagð kennsluna að áherslum skólans á leiðsagnarnám. Svör bárust frá 16 kennurum og í þeim mátti greina aukna áherslu á verkefnavinnu nemenda, endurgjöf til þeirra í vinnuferlinu og umsagnir eftir verkefnaskil, bæði munnlegar og skriflegar. Þá voru einnig dæmi um að kennarar legðu meiri áherslu á fjölbreyttari nálganir við námsmat og minni áherslu á próf.

Þegar litið er til áhuga nemenda á náminu þá mælist hann skv. Framhaldsskólapúlsi 2020-2021 svipaður og hjá nemendum í öðrum skólum. Þegar spurt er hvort nemendur hafi gaman af því sem þeir eru að læra í skólanum segjast 68% svo vera, þá segjast 65% nemenda hafa áhuga á því sem þeir eru að læra. Af þessu leiðir að rúmlega 30% nemenda eru frekar eða mjög ósammála því að þeir hafi gaman af eða áhuga á því sem þeir eru að læra í skólanum. Þá segjast 55% nemenda vera frekar eða mjög ósammála því að þeir hlakki til kennslutíma í skólanum. Takmarkaður áhugi hluta nemenda á daglegum viðfangsefnum skólastarfs er mikil áskorun fyrir starfsfólk skóla almennt og ljóst af viðtölum við stjórnendur og starfsfólk að mikil umræða hefur átt sér stað um hvort og hvernig enn meiri fjölbreytni í námsframboði, kennslu- og námsháttum geti bætt þar úr.

## Um námsmat

Eins og fyrr segir hefur skólinn skilgreint þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur þurfi að búa yfir við námslok á öllum námsbrautum skólans. Þá hefur skólinn jafnframt skilgreint þá hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok náms í sérhverjum áfanga. Að mati stjórnenda og kennara eru þær kröfur sem gerðar eru til nemenda almennt í samræmi við þau viðmið sem skilgreind eru í áfangalýsingum og þá jafnframt í samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár varðandi þrepaskiptingu náms. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að ekki væri um að ræða eftirfylgd af þeirra hálfu með því hvort áherslur í kennslu og námsmati væru í samræmi við hæfniviðmið námskrár eða þrepaviðmið aðalnámskrár, kennurum væri treyst til að fylgja fyrrgreindum viðmiðum eftir í starfi sínu með nemendum. Á heimasíðu skólans kemur fram að lögð sé áhersla á að námsmatið endurspegli þau markmið sem sett eru með náminu og það sé áreiðanlegt, réttmætt og sanngjarnt. Þá segir enn fremur að námsmatið hafi þann tilgang að meta árangur náms þannig að

nemandinn, kennarinn og skólinn viti hvernig miði að settum markmiðum og jafnframt að leiðbeina nemendum á uppbyggilegan hátt um hvernig þeir geti bætt frammistöðu sína.

Á undanförunum árum hefur skólinn lagt aukna áherslu á símat með áherslu á leiðsagnarmat/-nám í stað lokaprófa. Að mati stjórnenda og nemenda hefur breytingin m.a. orðið til þess að draga úr kvíða sem gjarnan fylgdi hefðbundinni próftíð. Á heimasíðu skólans kemur fram að skólinn vilji með þessu móti leggja áherslu á fjölbreytni í námsmati í samræmi við stefnu skólans varðandi leiðsagnarnám og verkefnaþátt nám. Vægi lokaprófa getur samkvæmt prófreglum skólans mest verið 50% en verulega hefur þó dregið úr vægi þeirra og er nú oftast um 30%. Til þess að ljúka námi í áföngum skólans þurfa nemendur að ljúka öllum verkefnum í samræmi við þær kröfur sem kynntar eru í kennsluáætlun. Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að hluti kennara notar fyrirfram gefna matsramma/-viðmið (rubrics) við mat á verkefnum til að auðvelda þeim að átta sig á þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra. Óljóst er hvort slík viðmið séu nemendum aðgengileg í tengslum við verkefnavinnu almennt.

Kennarar leggja mat á verkefni nemenda með umsögn og/eða einkunn. Í samræmi við áherslu skólans á leiðsagnarnám gefst nemendum í einhverjum tilvikum kostur á að fá umsögn/mat á verkefnum fyrir lokaskil. Einu sinni á spönn fá nemendur umsagnir um stöðu sína í viðkomandi áföngum ásamt einkunn í bókstöfum. Umsagnir eru skráðar í INNU og eru að auki aðgengilegar umsjónarkennara, stjórnendum og foreldrum. Lokaeinkunnir eru gefnar í tölum frá 1-10, lágmarkseinkunn er 5,0. Tilgreint er hversu stórum hluta markmiða áfangans nemendur þurfi að ljúka til að hljóta viðkomandi einkunn. Til þess að hljóta einkunnina 5 þurfa nemendur t.a.m. að hafa staðist 45-54% hæfniviðmiða áfangans.

Þar sem rík áhersla er lögð á verkefnavinnu nemenda í verkefnatímum má jafnframt segja að lögð sé áhersla á að kennarar veiti leiðsögn í daglegu starfi með nemendum. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólupólí 2020-2021 mældist tíðni leiðsagnarmats marktækt hærrí í ME samanborið við aðra framhaldsskóla. Þar töldu 68% nemenda að kennarar hjálpuðu þeim alltaf/næstum alltaf eða oft að læra af mistökum, að auki sögðu 50% nemenda að kennarar létu þá alltaf/næstum alltaf eða oft vita hversu vel þeim gengi í náminu og hvað þeir þyrftu að gera til að verða betri, 20% voru hins vegar þeirrar skoðunar að það ætti næstum aldrei eða aldrei við. Þá sögðu 65% nemenda að kennarar segðu þeim hvers þeir væntu af þeim í prófum, skyndiprófum eða verkefnum. Athygli vekur að 39% nemenda voru þeirrar skoðunar að kennarar ræddu næstum aldrei eða aldrei við þá um styrkleika þeirra og veikleika í náminu og 34% sögðu að það gerðist stundum. Í áfangamati á haustspönn 2021 voru 95% dagskólanema sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að kennarar skiluðu umsögn fljótt til nemenda. Heldur lægra hlutfall fjarnema var á sama máli eða 72%. Í áfangamati eru nemendur spurðir hvort þeim þyki áfanginn erfiður. Í áfangamati á haustspönn 2021 voru 44% dagskólanema og 76% fjarnema mjög eða frekar sammála því að svo væri. Tekið skal fram að einungis hluti áfanga skólans er til skoðunar hverju sinni en sá munur sem birtist hér í viðhorfum nemenda er engu að síður áhugaverður.

Ljóst er að kennarar hafa gert breytingar á starfsháttum sínum og áhrifanna gætir í viðhorfum nemenda og jafnframt í samanburði við aðra skóla. Þegar rýnt er í svör nemenda mætti þó mögulega gera enn betur. Það er mikil áskorun í því fólgin að festa breytingar í sessi, í ljósi þess hversu ríka áherslu skólinn leggur á leiðsagnarnám er mikilvægt að fylgja innleiðingunni eftir með frekari stuðningi við kennara. Þá er einnig mikilvægt að skerpa betur á lykilþáttum í leiðsögn kennara og

væntingum skólans varðandi ætluð áhrif leiðsagnarnáms á námshætti nemenda og námsárangur. Til þess að fylgja þróuninni markvisst eftir gæti reynst gagnlegt að skilgreina tiltekin árangursviðmið og meta stöðuna með reglulegu millibili.

Niðurstöður námsmats eru ekki rýndar með formlegum hætti af hálfu kennara, en í viðtölum kom fram kennarar hefðu niðurstöður til hliðsjónar við undirbúning kennslu á nýrri spönn. Áfangastjóri hefur að undanfögnu gert grein fyrir heildarniðurstöðum námsmats s.s. meðaleinkunn allra nemenda í áföngum spannarinnar/annarinnar og kynnt á kennarafundi í lok spannar/annar. Þá hefur kennslustjóri fjarnáms tekið saman upplýsingar um námsframvindu og námsárangur fjarnema í lok skólaárs og borið saman við niðurstöður fyrri ára. Fjarnámsskýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólinn hefur ekki stuðst við mælanleg viðmið varðandi mat á framförum og árangri nemenda í heild sinni, en að mati stjórnenda er námsárangur nemenda almennt góður.

Ekki er hægt að meta kennsluhætti og námsmat út frá öðrum gögnum en þeim sem aðgengileg eru á heimasíðu skólans og/eða fengust með viðtölum við þátttakendur. Til að fá gleggri mynd hefðu matsaðilar þurft að afla ítarlegri gagna t.a.m. með vettvangsathugunum á daglegu starfi skólans í tiltekinn tíma.

## Um kennara

Að mati stjórnenda er vel menntað og hæft starfsfólk forsenda öflugrar skólaþróunar í þágu náms og þroska nemenda. Kennarar við ME eru flestir með fagmenntun og kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Undanfarið hefur nokkur endurnýjun orðið í kennarahópnum og ungum kennurum fjölgað. Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er á innri vef skólans. Mannauðsstjóri annast námskeið, annars vegar fyrir kennara og hins vegar fyrir annað starfsfólk, þar sem starfshættir og áherslur í starfi skólans eru til umfjöllunar. Einu sinni í mánuði er boðið upp á nýliðakaffi ætlað nýjum kennurum og er það hugsað sem umræðuvettvangur og stuðningur við þá. Samkvæmt umbóta-áætlun skólans 2021-2023 er áformað að festa nýliðakaffið enn betur í sessi og efla þannig jafningjastuðning í anda lærdómssamfélags.

Endurmenntunarstefna er aðgengileg starfsfólki á innri vef skólans. Starfsþróun kennara hefur fyrst og fremst tekið mið af áhugasviðum þeirra og þeim tækifærum sem bjóðast hverju sinni. Þá hafa stjórnendur lagt áherslu á fræðsluerindi og námskeið sem nýtast öllum starfsmönnum. Leitað hefur verið eftir þörfum og hugmyndum starfsfólks þar að lútandi í viðhorfskönnunum og starfsmannasamtölum. Þar sem skólinn leggur ríka áherslu á að innleiða nýjungar í upplýsingatækni í námi og kennslu hafa kennarar verið hvattir til að sækja sér endurmenntun á því sviði. Skólinn hefur að undanfögnu unnið að innleiðingu á námsumsjónarkerfinu Canvas og samstarf kennara undanfarið m.a. tekið mið af því. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að innleiðingin hafi gengið vel og kennarar fengið góða leiðsögn og stuðning frá samstarfsfólki ekki síst þegar hraða þurfti innleiðingunni í kjölfar COVID-19. Hið sama gilti um leiðsagnarnámið, þar var eins og fyrr segir leitað til sérfræðings hjá Háskólanum á Akureyri en í framhaldinu hafi kennarar miðlað hverjir öðrum af reynslu sinni. Þrátt fyrir áform þar um hefur samþætting námsgreina ekki verið virkur þáttur í samstarfi kennara, þess er þó vænst að umræða um grunnþætti menntunar í námi nemenda verði til þess að skapa tækifæri til þverfaglegs samstarfs.

Þeir sem kenna sömu greinar eiga að sögn kennara samstarf t.d. um námsefni og verkefnavinna nemenda, þá læra kennarar einnig ýmislegt af samkennurum í verkefnatímum þegar þeir leiðbeina

öðrum nemendum en sínum eigin. Fram kom að mikil umræða væri almennt á meðal kennara um kennsluhætti, nám nemenda og leiðir í mat á árangri þeirra í námi. Í samtali við kennara kom þó einnig fram að fagleg umræða um nám og kennslu mætti vera meiri og formlegri og jafnframt að tími til formlegs samstarfs, t.d. um samþættingu námsgreina, væri lítill m.a. vegna hraðans í spannakerfinu. Loks var það mat kennara að samstarfsfólk væri almennt mjög hjálplegt og velviljað, breytingar gætu þó vissulega tekið á og fólk því ekki alltaf sammála, en á endanum væri þó vilji til að sammælast um niðurstöðu og róa í sömu átt.

Með það að leiðarljósi að hvetja til öflugrar starfsþróunar kennara hefur skólinn skilgreint tiltekið punktakerfi í stofnanasamningi við þá. Náí kennari að safna 50 punktum á tveggja ára tímabili, (sem jafngilda u.þ.b. einni námskeiðsviku) fæst eitt launaþrep. Til þess að viðhalda launaþrepinu þarf viðkomandi að endurnýja punktastöfnunina árlega. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum hafa um 75% kennara uppfyllt fyrrgreint viðmið. Að auki hefur skólinn leitast við að koma til móts við kostnað starfsfólks vegna námskeiða og annarra viðburða sé þess óskað. Starfsfólk nemendapjónustu nýtur handleiðslu hjá fagaðilum utan skólans.

Í viðtölum við starfsfólk skólans kom fram að stjórnendur legðu ríka áherslu á starfsþróun og hvettu til hennar, hins vegar væri breytilegt eftir fagfélögum hversu aðgengileg námskeið á þeirra vegum væru fólki á landsbyggðinni, námskeiðum, ráðstefnum og fundum óháð staðsetningu hafi þó fjölgað vegna COVID-19. Áhugavert verður að sjá hvort sú þróun haldi áfram eða gangi til baka.

Formleg endurgjöf á kennslu kennara er fyrst og fremst í formi áfangamats nemenda og eftir atvikum liður í samtölum kennara og stjórnenda. Í viðtölum kom einnig fram að sumir kennarar leituðu eftir viðhorfum nemenda í námsmatsvikunum. Um formlega endurgjöf af hálfu samkennara er ekki að ræða.

## **Um námsgögn**

Eins og fram hefur komið þá leggur skólinn áherslu á notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Kennarar nota námsumsjónarkerfið Canvas og setja þar inn upplýsingar og gögn er varða nám nemenda. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram að ýmsir möguleikar í námi og kennslu hefðu opnast eða orðið aðgengilegri með tilkomu Canvas, s.s. upptökur á kennslustundum og/eða kennsluleiðbeiningum, upptökur á hljóðskrá, vistun á fjölbreyttum gögnum, aukin fjölbreytni í framsetningu á verkefnum og prófum og gagnvirkni í samskiptum við nemendur. Fram kom að verkfærin í Canvas kæmu ekki einungis að góðum notum í fjarkennslu heldur nýttust þau ekki síður í námi og kennslu dagskólanema og væru vel til þess fallin að styðja við þróun leiðsagnarnáms og fjölbreytni í námi nemenda og námsmati.

Bókalistar haust- og vorannar eru aðgengilegir á heimasíðu skólans, samkvæmt þeim eru kennslubækur notaðar í um 80% kenndra áfanga. Í viðtölum við kennara kom jafnframt fram að notast væri við margskonar upplýsingar á veraldarvefnum og ýmsar gagnaveitur. Aðgengi að rafrænum gagnasöfnum var sagt gott og hvatt til notkunar á þeim. Þá kom einnig fram að námsefni í sumum greinum, einkum raungreinum, væri mjög ábótavant þar sem lítil sem engin endurnýjun hafi átt sér stað um langt skeið. Bent var á nauðsyn þess að fram fari mat af hálfu menntayfirvalda á stöðu mála og fjármagni veitt í markvissa námsefnisgerð. Þess má geta að skv. viðhorfskönnun sem gerð var á meðal kennara skólans 2019 var námsefnisgerð talin mikill/nokkur álagsþáttur hjá rúmlega þriðjungu þeirra.

Tæknismiðja skólans er vel búin tölvum og tækjum, henni er ætlað að styðja við nám í upplýsingatækni, nýsköpun og hönnun. Mikil ánægja er með aðstöðuna á meðal starfsfólks og nemenda og væntingar uppi um að hægt verði að bæta við tækjakostinn og efla fyrrgreinda þætti í námi nemenda enn frekar.

Í viðtölum við nemendur kom fram að búnaður til verklegrar kennslu í efna- og líffræði væri komin nokkuð til ára sinna og þarfnaðist endurnýjunar.

Bókakostur á bókasafni skólans var sagður ágætur og honum vel við haldið. Lestur nemenda á bókum hefur þó minnkað og á það bæði við um fræðibækur og fagurbókmenntir. Notkun á ýmsum rafrænum gagnaveitum á netinu hefur að sama skapi aukist. Gott samstarf er við önnur bókasöfn á svæðinu og auðvelt að þjónusta nemendur með millsafnalánum.

## **Um stuðning við nemendur**

ME tekur á móti öllum þeim nemendum sem til hans sækja og leitast við að þjónusta þá vel og mæta sem allra best fjölbreyttum þörfum þeirra í námi.

Skólinn starfrækir starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningar. Námsbrautarlýsing fyrir brautina er aðgengileg á heimasíðu skólans og rammar hún inn helstu viðfangsefni í námi nemenda. Haustið 2021 voru níu nemendur skráðir til náms á starfsbraut. Fötlun nemenda hefur verið af ýmsum toga, sumir hafa fylgt öðrum nemendum skólans í námi og lokið stúdentsprófi en aðrir þurft á aðlöguðu eða sérsniðnu námi að halda. Lögð er áhersla á að nemendur á starfsbraut taki virkan þátt í námi með öðrum nemendum skólans í samræmi við stefnu stjórnvalda um *Menntun fyrir alla*. Þegar þörf er á sérsniðnu námsefni er leitast við að hafa útlit þess í samræmi við námsefni annarra nemenda og áhersla lögð á að nemendur brautarinnar falli sem best í hópinn. Samstarf við kennara hefur að sögn viðmælenda verið mjög gott og kennarar almennt tilbúnir til að koma til móts við nemendur m.a. varðandi verkefni og námsmat, einkunnir eru þá stjórnumerktar í námsferli nemenda.

Þrjú stuðningsfulltrúar starfa við brautina og fylgja nemendum í kennslustundir þegar þess gerist þörf og eru þeim og öðrum nemendum til aðstoðar. Rík áhersla er lögð á að efla félagsfærni nemenda með virkri þátttöku þeirra í daglegu skólastarfi, þeir eiga þó alltaf sitt athvarf í kennslustofunni Hetti þar sem hægt er að stunda nám og eiga samveru í ró og næði. Kennslustofan er vel búin og öllum óskum um búnað og tæki mjög vel tekið. Að mati viðmælenda er samstarf við foreldra gott og viðhorf gagnvart því starfi sem fram fer á námsbrautinni afar jákvætt. Nemendur brautarinnar heimsækja vinnustaði og hefur samstarf við vinnustaði verið gott og gengið vel.

Við skólann eru starfræktar tvær framhaldsskólabrautir, námsbrautalýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Námið er 120 einingar og lýkur með framhaldsskólaprófi. Í viðtölum kom fram að framhaldsskólabraut 2 væri einkum ætluð þeim nemendum sem uppfylltu ekki að öllu leyti inntökuskilyrði stúdentsprófsbrauta en nemendur næðu oftast að uppfylla öll skilyrði eftir fyrstu önn þeirra í skólanum. Framhaldsskólabraut 1 er ætluð nemendum sem eiga erfiðara með að standast bóknámskröfur skólans og þurfa því annarskonar viðfangsefni í námi. Skv. námskrá brautarinnar er talsverð áhersla lögð á bóklegt nám og athugandi hvort unnt sé að auka enn frekar fjölbreytni í námi nemenda á brautinni.



Í ME er mikil áhersla lögð á góða og faglega þjónustu við nemendur. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram að mestu máli skipti að skólinn kæmi sem best til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og að þeim líði vel í skólanum. Nemendabjónusta skólans er skipuð námsráðgjafa í fullu starfi og félagsráðgjafa í 75% starfshlutfalli, að auki tekur áfangastjóri þátt í teyminu. Teymið fundar vikulega þar sem m.a. er farið yfir námsstöðu nemenda, ástundun þeirra og líðan.

Nemendabjónustan á í nánú samstarfi við grunnskóla á upptökusvæði skólans varðandi kynningu á skólanum og móttöku nýnema. Haldnir eru skilafundir að vori þegar nemendur hafa valið skóla og þess vandlega gætt að fyrirkomulag varðandi miðlun upplýsinga samræmist lögum um persónuvernd og að formlegt samþykki forráðafólks liggja fyrir. Markmið skilafundanna er að undirbúa móttöku nýnema með það að leiðarljósi að tryggja sem best farsæla skólabyrjun þeirra í menntaskóla. Að mati starfsfólks nemendabjónustunnar hafa skilafundirnir gefist afar vel og fátítt að forráðafólk hafni þátttöku. Nýnemum er fylgt eftir með viðtölum í samræmi við móttökuáætlun skólans. Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað á upptökusvæði skólans og móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er aðgengileg á heimasíðunni, þá býður skólinn upp á áfanga í íslensku fyrir erlenda nemendur. Í viðtölum kom fram að dæmi væru um að nemendum af erlendum uppruna gangi mjög vel í skólanum en dæmi um hið gagnstæða væru þó einnig til staðar. Nemendabjónustan hefur leitast við að halda vel utanum þessa nemendur og fylgja þeim eftir. Í ljósi þess að nemendum af erlendum uppruna er hættara en öðrum við að hverfa frá námi er afar mikilvægt að skólinn meti og þrói móttökuáætlun sína í ljósi reynslunnar.

Upplýsingum um sértæka námsörðugleika og/eða fötlun nemenda er miðlað til kennara með litakóðum, merking litanna er aðgengileg kennurum á innri vef. Upplýsingar um greiningar og önnur gögn varðandi nemendur eru bundnar trúnaði og eru því ekki aðgengilegar kennurum. Þess er vænst að kennarar kynni sér litamerkingar og leiti nánari upplýsinga hjá ráðgjöfum nemendabjónustu varðandi þýðingu þeirra og möguleg áhrif á nám nemenda. Stuðningur við nemendur er fyrst og fremst á hendi nemendabjónustu og hefur teymið lagt ríka áherslu á að gera upplýsingar um hin ýmsu bjargráð sem tengjast námi, námsörðugleikum og líðan nemenda aðgengilegar á heimasíðu skólans. Kennarar hafa fengið fræðslu um ýmis bjargráð, en undir hverjum og einum komið hvort og með hvaða hætti þau nýtast í daglegu starfi með nemendum. Kennarar geta tengt gagnabankann við sínar síður í Canvas og stuðlað með því móti að enn betra aðgengi nemenda.

Gagnabankinn hefur vakið verðskuldaða athygli út fyrir vegg skólans og komið að góðum notum í öðrum skólum. Félag lesblindra á Íslandi veitti skólanum viðurkenningu nú nýlega og námsráðgjafi skólans hlaut í haust viðurkenningu Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir störf sín m.a. á þessu sviði. Þá hefur nemendabjónustan, undir forystu félagsráðgjafa skólans, tekið þátt í Erasmus+ verkefni sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd og félagsfærni nemenda með áherslu á útivist í anda náttúru meðferðar. Verkefnið hefur að sögn notið vinsælda á meðal nemenda og gefist afar vel.

Nemendabjónustan býður nemendum upp á einstaklingsviðtöl og stendur að auki fyrir ýmsum námskeiðum sem hafa það að markmiði að efla hæfni þeirra á ýmsum sviðum, draga úr kvíða og auka vellíðan. Viðtalstímar ráðgjafa eru mjög vel nýttir af nemendum og námskeið vel sótt. Viðhorf nemenda til bjónustunnar eru reglulega til skoðunar, niðurstöður úr Nemendapúlsi 2021 sýna t.a.m. að allir þeir sem nýtt höfðu bjónustuna líkaði hún mjög vel eða vel. Sömu viðhorf mátti greina í viðtölum við rýnihópa nemenda, þó kom þar fram að stundum væri bið eftir viðtali helst til löng, sem lausn á þeim var bent á þann möguleika að klóna ráðgjafana. Ráðgjafar miða við að nemendur

fái viðtal innan viku, en vika getur jú í einhverjum tilvikum verið langur tími í lífi nemenda. Í máli ráðgjafa kom fram að þörf væri á aukinni sálfræðipjónustu hjá HSA, margra mánaða bið væri þar eftir þjónustu. Þá sögðu ráðgjafar að draumur þeirra væri að fá iðjuþjálfu til liðs við teymið þar sem aukin sérþekking á virkniþjálfun gæti stutt við þá nemendur sem ættu í erfiðleikum með daglega virkni.

Hjúkrunarfræðingur er ekki starfandi við skólann en að sögn skólameistara er heilsugæslan í næsta nágrenni og stutt að leita þangað eftir aðstoð gerist þess þörf. Í viðtölum var rætt um mikilvægi þess að skólinn ætti gott samstarf við félagsþjónustu sveitarfélagsins um sameiginlega skjólstæðinga. Markviss samvinna félagsþjónustu, heimilis og skóla var sögð forsenda farsællar skólagöngu nemenda. Fram kom að efla mætti samstarfið enn frekar m.a. með gagnkvæmri upplýsingagjöf og samráði um leiðir og lausnir. Mestu máli skipti að kerfin tali saman.

Fyrir nokkrum árum var tekin sú ákvörðun að leggja af umsjónarkennarakerfi skólans og nemendapjónustu fengið það hlutverk sem umsjónarkennarar höfðu áður. Telji kennarar að nemendur þurfi stuðning, umfram þann sem er á þeirra valdi að veita, gera þeir nemendapjónustu viðvart. Nemendapjónustan hefur umsjón með fjarvistum nemenda og í viðtölum kom fram að starfsfólk fylgdist almennt vel með nemendum og leitaðist við að grípa sem fyrst þá sem víkja með einhverjum hætti af leið.

## **Styrkleikar**

- Námsframboð skólans er fjölbreytt þegar horft er til þess að hann er fyrst og fremst bóknámsskóli. Fjölgun fjarnema hefur auðveldað skólanum að viðhalda fjölbreyttu námsframboði.
- Nám á sviði lista, upplýsingatækni og nýsköpunar styður vel við fjölbreytni í námsframboði.
- Skólinn hefur skilgreint þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við námslok á öllum námsbrautum skólans og við lok náms í sérhverjum áfanga.
- Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með spannakerfið og fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Kennslu- og námshættir eru nokkuð fjölbreyttir og til þess fallnir að koma til móts við nemendur í dagskóla og fjarnámi.
- Áhersla skólans á verkefnaþátt nám styður við sjálfstæð vinnubrögð nemenda og virkni þeirra í námi.
- Námsmat byggir á verkefnavinnu nemenda, minni áhersla er lögð á lokapróf.
- Skólinn hefur á að skipa vel menntuðum kennurum.
- Kennarar eru hvattir til starfsþróunar og nýbreytni í starfi og hafa svarað því kalli vel.
- Skólinn notar námsumsjónarkerfið Canvas með virkum hætti til að miðla námsgögnum og upplýsingum til nemenda.
- Mikil ánægja er með starfsemi nemendapjónustunnar.
- Mjög vel er staðið að móttöku nýnema m.a. með formlegum skilafundum í grunnskólum á upptökusvæði skólans.
- Nám á starfsbraut er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda.
- Nemendum sem eiga í erfiðleikum með bóknám býðst að skrá sig á framhaldsskólabraut 1, þar sem leitast er við að bjóða þeim viðfangsefni og stuðning við hæfi.

## Tækifæri til umbóta

- Skoða markvisst hvort áherslur í kennslu og námsmati séu í samræmi við hæfniviðmið námskrár og/eða þrepaviðmið aðalnámskrár.
- Meta áhrif innleiðingar leiðsagnarnáms á starfshætti kennara og nám/árangur nemenda.
- Efla formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum.
- Auka enn frekar fjölbreytni í kennslu- og námsháttum m.a. með verklegum æfingum í raungreinum, rökræðum/skipulegum umræðum í kennslustundum og samvinnu nemenda, einkum í fjarnámi.
- Auka fjölbreytni viðfangsefna á framhaldsskólabraut 1.
- Meta móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa í ljósi reynslunnar.

## Umsögn matsaðila um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í Lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

### Um skólabrag

Í ME er rík áhersla lögð á jákvæðan skólabrag, vellíðan starfsfólks og nemenda og góða aðstöðu til náms og kennslu. Viðmælendur voru sammála um að jákvætt viðhorf gagnvart skólanum væri almennt ríkjandi bæði innan hans og utan. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólaláttun 2020-2021 mældust jákvæð viðhorf nemenda og hollusta við skólann 77,4% og hafði þá lækkað örlítið eða um 6,5% frá árinu 2019. Þá sögðust um 86% nemenda vera heilt yfir ánægð með skólann sinn og gætu mælt með honum við vini sína. 82% nemenda sögðust vera stolt af skólanum sem er marktækt hærra hlutfall samanborið við aðra skóla. Þá sýna niðurstöður úr Framhaldsskólaláttun haustið 2021 jákvæða þróun í þessum eignum þar sem tæp 80% nemenda lýstu jákvæðu viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum. Þá má einnig greina ríka skuldbindingu og jákvætt viðhorf starfsfólks til skólans, sem m.a. birtist í Starfsmannaláttun vorið 2021, þar sem rúm 90% sögðust vera mjög eða fremur ánægð með vinnustaðinn og sama hlutfall sagðist mjög eða fremur sammála því að gildi skólans samræmdust eigin gildum. Í könnun Sameykis um *Stofnun ársins 2021* fékk skólinn einkunnina 4,74 af 5 mögulegum þegar spurt var um ánægju og stolt starfsfólks og var sú einkunn með þeim allra hæstu.

Í könnun sem innra mats hópur skólans lagði fyrir foreldra á yfirstandandi skólaári voru rúm 60% þátttakenda mjög sammála þeirri staðhæfingu að ME væri góður skóli og tæp 40% sammála. Svipað hlutfall sagðist bera traust til skólans. Niðurstaðan sýnir því mjög jákvætt viðhorf þátttakenda í könnuninni til skólans.

Viðmælendur voru einnig sammála um að afar jákvæður skólabragur ríkti innan skólans. Sem dæmi um þau lýsingarorð sem notuð voru um skólabraginn og andrúmsloftið í skólanum má nefna; frábær, mjög góður, góður, faglegur, umbótasinnaður, gleði, kraftur, áhugi, hvatning, stuðningur, metnaður, virðing, velvild, umhyggja og að allir væru jafnir. Í Starfsmannaláttun 2021 mældist viðhorf til starfsanda innan skólans marktækt jákvæðara í ME samanborið við aðra vinnustaði, 88% svarenda sögðu starfsandann m.a. vera hvetjandi, styðjandi, afslappaðan og þægilegan. Hið sama má segja um viðhorf til stjórnunar og forystu stjórnenda, sem mældist einnig marktækt jákvæðara í samanburði við aðra vinnustaði. Starfsmannafélagið Búbót hefur m.a. það hlutverk að efla og viðhalda góðum starfsanda innan skólans og starfsemi þess sögð með ágætum.

Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom einnig fram að góður mórall ríkti innan skólans, samskipti við stjórnendur og starfsfólk voru sögð mjög góð og allir tilbúnir til að aðstoða. Í skólanum væru allir jafnir og skólameistarinn mjög sýnilegur, hann spjallaði mikið við nemendur og ávarpaði þá með nafni. Nemendur sögðu einnig að þar sem skólinn væri fámennur þá væri allt mjög persónulegt og

þægilegt og að allir þekktu alla. Samkvæmt upplýsingum úr Framhaldsskólaláttunni 2020-2021 er mikill meirihluti nemenda, eða rúm 80%, sáttur í skólanum og telur að þar sé allt í besta lagi. Í máli nemenda kom þó einnig fram að talsvert væri um hópaskiptingu í skólanum sem birtist m.a. í því að nemendur héldu hópinn eftir búsetu og þá einkum fyrstu misserin í skólanum. Sumir voru þeirrar skoðunar að hóparnir væru fremur lokaðir en aðrir voru ósammála því. Í Framhaldsskólaláttunni 2020-2021 voru um 24% nemenda mjög sammála eða sammála fullyrðingunni – *í skólanum líður mér eins og ég passi ekki inn í hópinn* og sama hlutfall var mjög ósammála eða ósammála fullyrðingunni – *í skólanum á ég margna góða vini*. Í viðtali við nemendabjónustu skólans kom fram að ráðgjafar væru meðvitaðir um þetta og að unnið væri að því að blanda nemendahópum betur saman.

Viðmælendur voru einnig almennt sammála um að flestum nemendum liði vel í skólanum. Í skýrslu um niðurstöður innra mats 2020-2021 kemur fram að um 90% nemenda líði mjög eða frekar vel í skólanum, sambærileg niðurstaða hefur fengist í fyrri mælingum innra mats hópsins. Samkvæmt niðurstöðum úr Framhaldsskólaláttunni 2020-2021 sögðust rúm 77% nemenda vera mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að *á heildina litið liði þeim vel í skólanum*. Nokkur kynjamunur var í svörum nemenda, svo virðist sem líðan stráka í skólanum hafi í heildina batnað en fleiri stelpum líði hins vegar ögn verr. Fram kom í máli nemenda að líklega liði ekki öllum alltaf vel í skólanum, þeir töldu sig þó ekki hafa orðið vara við einelti. Niðurstöður úr Framhaldsskólaláttunni 2020-2021 sýna þó að um 14% nemenda töldu sig hafa orðið vara við eða orðið fyrir einelti í einhverri mynd. Við nánari skoðun kom í ljós að 7% nemenda (10 nemendur) sögðu að sl. 30 daga hafi þeim oft liðið illa yfir því hvernig aðrir komu fram við þá í skólanum og 14% (20 nemendur) töldu það stundum hafa átt við um þá. Í viðtölum við ráðgjafa nemendabjónustu kom fram að nemendum sem liði ekki vel hafi fjölgað á síðustu misserum. Niðurstöður úr Framhaldsskólaláttunni haustið 2021 sýna að almenn líðan nemenda fari þó aftur batnandi, svo virðist sem dregið hafi úr einkennum kvíða og þunglyndis auk þess sem hamingja mælist meiri.

Líðan starfsfólks hefur verið til skoðunar í Starfsmannaláttunni og jafnframt í könnunum sem gerðar hafa verið á meðal kennara. Fjölgun fjarnema hefur leitt til fjölmennari námshópa og aukið vinnuálag hjá kennurum. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að miða hámarksfjölda í námshópum við 30 nemendur í stað 40 áður. Með breytingunni er þess vænst að minna álag auki vellíðan og ánægju kennara í starfi.

### **Um samskipti í skólastofunni**

Þeir nemendur sem rætt var við voru sammála um að samskipti við kennara væru mjög góð. Fram kom að flestir kennarar væru tilbúnir til að veita aðstoð þegar eftir henni væri leitað, jafnt í kennslustundum sem utan en kennarar veittu líka aðhald. Í áfangamati haustið 2021 voru 96% nemenda mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeim liði vel í kennslustundum, 98% sögðu samskipti sín við kennara mjög eða frekar góð og 97% voru mjög eða frekar sammála því að kennarar væru sanngjarnir og hvetjandi og leituðu eftir álitum þeirra. Áfangamat sem fram fór á meðal fjarnema haustið 2021 sýnir mjög svipaða niðurstöðu, í þeirra hópi voru þó færri þeirrar skoðunar að kennarar leituðu eftir álitum þeirra eða 75% nemenda. Eins og áður hefur komið fram mælist stuðningur kennara við nemendur marktækt meiri í ME samanborið við aðra skóla. Í viðtölum við kennara mátti glögggt greina áherslu þeirra á vellíðan nemenda og árangur þeirra í námi. Þá voru viðmælendur í hópi nemenda og kennara sammála um að agavandamál í kennslustundum væru

fátíð. Í viðtali við stjórnendur kom fram að brot á reglum skólans væru einnig fátíð og nemendur almennt til fyrirmyndar.

Eins og fyrr segir eru gildi skólans *gleði, virðing og jafnrétti*, lögð er áhersla á að halda gildum skólans á lofti með því m.a. að helga hverju þeirra eina viku á skólaárinu. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk mátti, eins og fyrr segir, greina ríka áherslu á vellíðan og velferð nemenda og umhyggju og velvild í þeirra garð. „*Virðing og umhyggja fyrir velferð annarra kallast á í daglegum samskiptum fólks og eru gjarnan samofin*“ segir í bók dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, *Virðing og umhyggja* (2007, bls. 80). Gildið virðing í þessum skilningi hefur náð vel til nemenda. Þá er það upplifun nemenda að jafningjabragur einkenni samskipti innan skólans. Jafnrétti getur þó verið flókið hugtak í skólastarfi þar sem skipulag og starfshættir skóla byggja á lögum og námskrá en jafnframt og ekki síður á ákvörðunum stjórnenda og starfsfólks, það er því ákveðin áskorun í því fólgin að gefa nemendum dagskrárvald í hinu daglega skólastarfi. Að efla og viðhaldi gleði sem gildi í skólastarfi er sameiginlegt verkefni, þar koma nemendur að málum m.a. með því að skipuleggja og taka virkan þátt í félagslífi skólans.

### **Um félagslíf nemenda**

Stjórn nemendafélagsins, nemendaráð (NME), er kosin í lýðræðislegri kosningu. Nemendaráð skólans er skipað 11 nemendum þ.e. formanni, varaformanni, fjármálastjóra, skemmtanastjóra, meðstjórnanda, ritstjóra skólablaðsins, formanni íþróttafélagsins, formanni leiklistarfélagsins, formanni tónlistarráðs, formanni málfundafélagsins og fulltrúa nýnema. Innan nemendafélagsins eru nokkur félög starfandi; má þar nefna leikfélag, tónlistarfélag, íþróttafélag, málfundafélag, hinseginfélag, femínistafélag, bindindisfélag og ritnefnd skólablaðsins. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu skólans eru félögin misvirk en hafi öll sínu hlutverki að gegna. Nemendur fá námseiningu/-ar fyrir þátttöku í félagsstarfi í samræmi við framlag þeirra hverju sinni.

Í viðtali við rýnihóp nemenda úr nemendaráði kom fram að mikill áhugi væri á þátttöku í ráðinu og margir gefið kost á sér fyrir síðustu kosningar. Vegna COVID-19 hafi félagslífið legið í dvala á sl. skólaári en nú væru þau að starta öllu aftur sem væri skemmtilegt enda nemendur áhugasamir og duglegir að mæta á viðburði. Nemendaráð fundar vikulega og skipuleggur viðburði vikunnar og starfið framundan. Dagskráin er alfarið á hendi ráðsins, ráðið fær þó að sögn ýmsar ábendingar frá nemendum og heldur þeim til haga.

Ýmsar hefðir hafa skapast í félagslífi nemenda og er þeim flestum viðhaldið. Í haust hefur nemendaráð skipulagt miðvikudagsviðburði, þá hittast nemendur á sal og horfa á mynd eða fara í leiki eða halda kappleiki í íþróttasalnum, áhersla er lögð á að hafa dagskrána fjölbreytta. Nemendafélagið stendur auk þess fyrir tónlistarviðburðum, íþróttakeppnum, uppsetningu á leikriti og útgáfu á skólablaði. Þá taka nemendur þátt í MORFÍs, Gettu betur og söngkeppni framhaldsskólanna ár hvert. Íþróttadagur, austfirsku ólympíuleikarnir með þátttöku nemenda í Verkmenntaskóla Austurlands, er einnig árlegur viðburður. Dansleikir eru fastir liðir í félagslífi skólans, venjan er að halda fimm böll á skólaári og veglega árshátíð. Nemendur töldu að vel gengi að stemma stigum við áfengis- og vímuefnanotkun á böllum og viðburðum á vegum skólans, nú væri nemendum boðið að kaupa miða á böllin á lægra verði gegn því að blása í áfengismæli, 65% nemenda kaus að gera það nú síðast. Öll neysla er bönnuð á böllum og öðrum viðburðum á vegum skólans.

Nemendaráðið var sammála um að samskipti við stjórnendur skólans varðandi félagslífið væru mjög góð og sögðu skólameistara mjög áhugasaman, hvetjandi og hjálplegan. Fram kom að starfsfólk skólans væri duglegt að mæta á suma viðburði t.d. árshátíð, skólameistari mætti hins vegar á flesta eða alla viðburði. Það sem ráðið taldi að betur mætti fara varðaði helst greiðslur reikninga sem að þeirra sögn vildu stundum dragast. Nemendaráð hefur fundarherbergi til afnota og sagði aðstöðuna góða, sumt væri þó komið til ára sinna, t.d. stólarnir. Flestir viðburðir fara fram á sal skólans eða í íþróttahúsinu en stærri viðburðir í húsnæði utan skólans.

Í viðtali við rýnihóp nemenda kom fram að ánægja væri þeirra á meðal með félagslífið í skólanum, nemendaráð notaði samfélagsmiðla til að koma skilaboðum um viðburði á framfæri, miðlun upplýsinga væri því góð. Innra mats hópur skólans hefur leitað til nemendaráðs þegar spurt hefur verið um félagslífið í könnunum þeirra á meðal. Það var síðast gert 2018 og kom þá í ljós að tæp 30% nemenda taldi félagslífið mjög gott og rúm 60% að það væri frekar gott. Þá sögðust 14% taka mjög mikinn þátt í félagslífinu og 30% nokkuð mikinn þátt. Félagslíf nemenda hefur að mestu legið niðri sl. tvö skólaár vegna COVID-19 og þess vegna áhugavert að kanna viðhorf og þátttöku nemenda á ný að þessu skólaári liðnu.

Formaður nemendaráðs er jafnframt áheyrnarfulltrúi nemenda í skólanefnd, þá á hann einnig sæti í skólaráði sem skipað er tveimur fulltrúum nemenda. Nemendur töldu sig þó hafa litla aðkomu að stjórn og/eða stefnumörkun innan skólans. Formaður skólanefndar sagði nefndina leggja sig fram um að hlusta eftir rödd nemendafulltrúans og óska upplýsinga um það sem hæst bæri í félagslífinu hverju sinni. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að fundir í skólaráði væru fremur fátíðir en þar kæmu nemendur m.a. að gerð skóladagatala og skipulagi á viðburðum í tengslum við það.

### **Um samskipti við foreldra/forráðafólk**

Foreldra- og hollvinafélag ME var stofnað haustið 2003 og er samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og nemenda skólans. Á heimasíðu skólans og í lögum félagsins kemur fram að tilgangur félagsins sé m.a. að stuðla að auknum gæðum skólastarfsins og bæta almenn og einstaklingsbundin skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og almenns þroska. Þá er þar einnig fjallað um áhrif jákvæðra viðhorfa foreldra til skólastarfsins á námsárangur og almenna velferð nemenda. Samstarfi heimilis og skóla er jafnframt ætlað að efla markvisst forvarnarstarf gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna og styðja við mótun á jákvæðum lífsstíl nemenda.

Stjórn félagsins er skipuð fimm fulltrúum og skulu a.m.k. fjórir þeirra vera foreldrar/forráðamenn nemenda skólans. Stjórnin tilnefnir áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd. Lög félagsins og fundargerðir eru aðgengileg á heimasíðu skólans. Stjórnin hefur leitast við að funda tvisvar til þrisvar á önn ef frá eru talin skólaárin 2019-2020 og 2020-2021 en þá lá starfsemi félagsins að mestu niðri vegna COVID-19.

Kynningarfundir fyrir foreldra nýnema eru haldnir að hausti og hafa yfirleitt verið vel sóttir. Stjórn félagsins hefur leitast við að boða til aðalfundar samhliða og freista þess að fá þá foreldra nýnema til að gefa kost á sér í stjórn. Misvel hefur gengið að fá foreldra til starfa, nú í haust vantaði t.a.m. einn fulltrúa í stjórn til þess að hún gæti talist fullskipuð. Í viðtölum kom fram að áhugi foreldra á þátttöku í foreldrasamstarfi færi því miður mjög dvínandi þegar komið væri á þetta skólastig, en þeir sem gæfu kost á sér í stjórn væru áhugasamir og tilbúnir til að leggja sitt af mörkum. Foreldrum býðst að styrkja starfsemi félagsins með valgreiðslu að upphæð kr. 1.500. Fjármunum félagsins

hefur m.a. verið varið til kaupa á tækjum og búnaði sem ætlað er að styðja við félagslíf nemenda. Þá fékk félagið nýlega styrk frá sveitarfélaginu til kaupa á hljóðfærum og búnaði í tónlistarherbergi skólans. Félagið hefur einnig stutt vel við forvarnastarf skólans m.a. með foreldrarölti, eftirliti á skemmtunum og forgöngu um að bjóða foreldrum fræðsluerindi um forvarnir.

Foreldrar geta fylgst með námsgengi og skólasókn ólögráða barna sinna í INNU. Í viðtali við fulltrúa foreldra kom fram að upplýsingar þar að lútandi væru greinargóðar og að auki væru ýmsar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið á heimasíðunni. Kennsluáætlanir og upplýsingar varðandi verkefnaskil væru hins vegar einungis á námsvefnum Canvas og ekki aðgengilegar foreldrum. Það væri því gagnlegt að mati foreldra að gera kennsluáætlanir nemenda og upplýsingar um verkefnaskil og próf aðgengilegri, fram kom að í sumum skólum væru þessar upplýsingar aðgengilegar foreldrum í INNU. Viðhorf foreldra gagnvart spannakerfinu og verkefnatímunum voru almennt jákvæð, kennsluhættir hjá flestum kennurum sagðir fjölbreyttir og nemendur ánægðir með fækkun prófa og minna vægi lokaprófa. Þá kom einnig fram að nemendum fyndist miður að vera búnir að leggja sig fram í verkefnavinnu en fá þá vinnu svo ekki metna ef illa gengi í lokaprófi.

Í könnun sem innra mats hópur skólans lagði fyrir foreldra á yfirstandandi skólaári töldu 70% svarenda að spannakerfið hentaði unglíngnum þeirra mjög vel og tæp 28% að kerfið hentaði þeim vel, þá töldu 64% svarenda að verkefnatímarnir hentuðu unglíngnum þeirra mjög vel og 32% vel. Þá var það upplifun flestra að unglíngarnir þeirra stæðu sig vel í skólanum og að námið væri við þeirra hæfi. Um fjórðungur foreldra hafði efasemdir um að unglíngurinn þeirra hefði tök á að ljúka námi sínu á skólatíma. Þá var það mat foreldra að unglíngnum þeirra liði vel í skólanum og hefði ánægju af því að vera þar, 98% foreldra voru mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum. Flestir töldu að unglíngurinn þeirra ætti vini í skólanum og engir höfðu orðið varir við einelti. Þriðjungur foreldra sagðist upplifa að unglíngurinn þeirra fyndi fyrir streitu og fjórðungur að hann fyndi fyrir kvíða í skólanum.

Samskipti við stjórnendur og starfsfólk voru sögð mjög góð. Nemendur hafa eins og fyrr segir ekki umsjónarkennara en þess í stað geta foreldrar leitað til nemendabjónustu eða stjórnenda skólans eftir nánari upplýsingum um námsgengi barna sinna og annað þeim viðkomandi. Þá hafa kennarar ekki fasta viðtalstíma en fram kom að hægt væri að senda þeim tölvupóst og viðbrögð væru almennt skjót og góð. Þá hafi nemendabjónustan eða stjórnendur frumkvæði að því að upplýsa foreldra bréflaga eða símleiðis t.d. varðandi námsárangur eða frávík frá reglum um skólasókn. Í fyrrnefndri könnun sögðu þeir foreldrar, sem átt höfðu samskipti við stjórnendur og starfsfólk skólans, nær undantekningalaust að samskiptin væru mjög góð eða góð.

Stjórn foreldrafélagsins tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Fram kom að fulltrúinn upplýsti stjórnina um það helsta sem fram færi á fundum nefndarinnar. Stjórnin hefur hins vegar ekki svo vitað sé haft frumkvæði að því að setja mál á dagskrá nefndarinnar. Skólameistari tekur þátt í fundum stjórnar sé þess óskað og veitir upplýsingar um skólastarfið, hann hefur jafnframt haft frumkvæði að því að upplýsa stjórn um niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið meðal nemenda og foreldra. Niðurstöður kannana hafa ekki verið til umræðu á fundum með foreldrum/foreldrafélaginu en skýrslurnar gerðar öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólinn hefur ekki haft formlegt samráð við foreldra í vinnu við stefnumótun fyrir skólann, stefnuskjöl hafa hins vegar verið til umræðu á fundum skólanefndar þar sem stjórn félagsins á, eins og fyrr segir, áheyrnarfulltrúa.



## Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Virkt samráð og samstarf er við grunnskóla á upptökusvæði skólans um tilfærslu nemenda á milli skólastiga. Eins og áður hefur komið fram eru haldnir skilafundir að vori í grunnskólum þeirra nemenda sem sótt hafa um skólavist í ME sem sitt fyrst val. Fyrirkomulag fundanna er skýrt og þess vandlega gætt að farið sé að lögum um vernd persónuupplýsinga. Þá kynnir ME námsframboð og starfsemi skólans í grunnskólum á upptökusvæðinu.

Skólaheimsóknir bæði erlendis og innanlands hafa það að markmiði að kynnast áhugaverðum nýjungum í skólastarfi. Þá hefur einnig verið leitast við að kynna sérstöðu skólans í öðrum framhaldsskólum, einkum spannakkerfið og verkefnatímama. Þá hefur skólinn eins og fyrr segir tekið þátt í Fjarmentaskólanum sem er samstarfsverkefni framhaldsskóla á landsbyggðinni. Ekkert formlegt samstarf er að öðru leyti á milli framhaldsskólanna á Austurlandi.

Lögð er áhersla á að nemendur skólans fái tækifæri til að kynna sér nám á háskólastigi. Þetta er gert með þátttöku í Háskóladeginum og heimsóknum í háskóla landsins. Þá hafa háskólarnir heimsótt skólann og kynnt námsframboð sitt. Innleiðing á Canvas námsumsjónarkerfinu fór fram í góðu samstarfi við Kennslusvið Háskólans á Akureyri sem jafnframt er hýsingaraðili þess fyrir hönd ME. Stefnt er að því að skólinn fái aukið forræði yfir kerfinu og geti í framhaldinu sett upp eigin forsíðu og tengt INNU, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, þar inn. Með það að leiðarljósi að þróa fjarnám skólans enn frekar hefur skólinn horft til háskóla í Skotlandi (University of the Highlands and Islands). Þá hefur skólinn einnig verið í samstarfi við Austurbrú þar sem m.a. er boðið upp á aðstöðu til náms á háskólastigi. Samstarf við háskólastigið um nám nemenda hefur ekki verið formlega skráð.

Þar sem ME er fyrst og fremst bóknámsskóli er alla jafna ekki um formlegt og skráð samstarf við atvinnulífið að ræða. Skólinn hefur átt samstarf við Heilbrigðisstofnun Austurlands um starfsþjálfun nemenda í félagsliðanámi.

## Um alþjóðlegt samstarf

ME hefur að undanförunu tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum undir hatti Erasmus+

Frá árinu 2018 hefur skólinn stýrt samstarfsverkefni sem ber yfirskriftina "*Management game for future European managers*". Þátttakendur auk ME eru skólar á Spáni, Ítalíu, Hollandi og Finnlandi. Markmið verkefnisins er m.a. að nemendur læri að stofna fyrirtæki. Með þátttöku í verkefninu gefst nemendum frábært tækifæri til að víkka sjónvildarhorninginn, læra nýja hluti og kynnast jafnöldrum sínum og menningu víða um Evrópu. Nemendum er ætlað að heimsækja öll þátttökulöndin, í hverja ferð fara þrjú nemendur og tveir kennarar. Áætlað var að verkefninu lyki vorið 2021 en vegna COVID-19 þurfti að fresta heimsóknum og þar með lokum verkefnisins.

Þá tekur skólinn eins og fyrr segir þátt í Erasmus+ ungmennaskiptaverkefni sem ber yfirskriftina „*Fire&ice - Útivist og sjálfsefling*“ í samstarfi við Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands og írsku ungmennasamtökin YMCA. Um er að ræða 5 eininga útivistaráfanga sem hefur það að markmiði að efla sjálfsþekkingu nemenda, trú þeirra á eigin getu, samskiptahæfni og tengsl við náttúruna og sjálfa sig. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á náttúrameðferð, reynslunámi, jákvæðri sálfræði, styrkleikaþjálfun, áskorunum og ævintýrum.

## **Styrkleikar**

- Skólabragur er mjög jákvæður. Andrúmsloft innan skólans einkennist m.a. af gleði, krafti, áhuga, hvatningu, metnaði, fagmennsku, virðingu, jöfnuði, umhyggju og velvild.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum. Samskipti nemenda við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk eru góð.
- Gildum skólans er markvisst haldið á lofti og áhrif þeirra merkjanleg í daglegu skólastarfi.
- Markvisst er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks.
- Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans. Skólinn styður vel við félagsstarf nemenda.
- Nemendaráð leitast við að halda uppi öflugu og fjölbreyttu félagslífi.
- Foreldra- og hollvinafélag skólans er virkt og foreldrar vel upplýstir um stöðu barna þeirra og skólastarfið.
- Virkt samráð er við grunnskóla í nærsamfélagi skólans og formlegt verklag til staðar varðandi gagnkvæma miðlun upplýsinga þegar nemendur flytjast milli skólastiga.
- Skólinn tekur þátt í samstarfi framhaldsskóla á landsbyggðinni um Fjarmenntaskólann.

## **Tækifæri til umbóta**

- Taka öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega. Vert er að huga sérstaklega að líðan og samskiptum stúlkna.
- Leita leiða til að bæta aðgengi foreldra ólögráða nemenda að kennsluáætlunum.
- Virk tengsl við háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð.

## Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Skólastarf í ME fer fram í tveimur byggingum, annars vegar í kennsluhúsi sem er 2047 m<sup>2</sup> og heimavistar- og mötuneytishúsi sem er 3636 m<sup>2</sup> að stærð. Að auki tilheyra skólanum nokkrar kennaraíbúðir sem staðsettar eru í nágrenninu. Viðmælendur voru almennt ánægðir með húsnæði skólans og aðstöðu til náms og kennslu.

Unnið hefur verið að endurnýjun á húsgögnum og búnaði í kennslustofum og nú nýlega voru settir þar upp sjónvarpsskjáir. Þá hafa tæki til verklegrar kennslu í eðlisfræði verið endurnýjuð og jafnframt unnið að endurnýjun á tækjum og búnaði til verklegrar kennslu í efna- og líffræði. Þá hafa rými í kjallara heimavistarhúss tekið breytingum, auk aðstöðu til kennslu í listgreinum er þar nú tæknismiðja vel búin tölvum og tækjum til notkunar í áföngum tengdum upplýsingatækni, nýsköpun og hönnun. Tvær rúmgóðar vinnustofur ætlaðar nemendum í verkefnatímum eru staðsettar í kennsluhúsi. Vinnustofurnar mættu að mati nemenda vera betur búnar húsgögnum og notalegri. Samkomusalur í heimavistarhúsi er vel nýttur af nemendum bæði til náms í verkefnatímum og samkomuhalds. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeim þætti notalegra að vera í salnum í verkefnatímum og húsgögnin þægilegri en í vinnustofunum hinumegin. Í könnun (Jarmi) sem gerð var meðal kennara haustið 2021 voru 95% kennara ánægðir með aðbúnað í kennslustofum.

Bókasafn skólans var nú nýlega flutt úr heimavistarhúsi í kennsluhús skólans. Markmið flutningsins var að staðsetja safnið meira miðsvæðis og nær kennslu- og vinnustofum. Í viðtölum mátti greina nokkuð skiptar skoðanir á meðal nemenda um ágæti þessa. Fram kom að les-/vinnuaðstaða nemenda á safninu væri ekki jafn góð og áður og sumir sögðust sakna gamla bókasafnsins og þess að læra í notalegu umhverfi innan um bækur. Þá komu einnig fram þau sjónarmið að nýja staðsetningin væri fín en þörfin fyrir bókasafnið ekki mikil þar sem aðgengi að námsgögnum væri að mestu leyti rafrænt.

Íþróttakennsla og íþróttaiðkun nemenda fer fram í íþróttahúsi sem staðsett er við hlið skólans. Í viðtölum kom fram að aðstaðan væri mjög góð og auðvelt að fá þar inni utan skólatíma.

Vinnuaðstaða kennara er í opnu rými þar sem hver kennari hefur eigin aðstöðu. Rýmið er nokkuð rúmgott og hátt til lofts. Nýlega var öllum vinnuborðum skipt út fyrir hækkanleg borð og heyrnartól keypt fyrir kennara sem m.a. útiloka umhverfishljóð. Stjórnendur skólans hafa hver sína skrifstofu á skrifstofugangi skólans. Í viðtölum við þá og annað starfsfólk mátti greina almenna ánægju með núverandi vinnuaðstöðu. Í Starfsmannapólsu 2021 voru 93% starfsfólks ánægð með vinnuaðstöðu sína. Stjórnendur hafa lagt áherslu á að koma fljótt og vel til móts við óskir starfsfólks varðandi aðbúnað, sem dæmi voru nýlega gerðar umbætur á kennarastofu með kaupum á sófum og salernum fjölgað.

Almenn ánægja er með tölvukost, tölvukerfi skólans og þjónustu kerfisstjóra. Kennarar hafa fartölvur til afnota og nemendur nota eigin fartölvur í skólanum.

Í heimavistarhúsi er tónlistarherbergi til afnota fyrir nemendur.

Matsalur skólans er rúmgóður og vel búinn húsgögnum. Aðstaða í eldhúsi er að mati viðmælenda góð og öllum kröfum þar að lútandi fullnægt. Mötuneytið þjónar heimavistarbúum, öðrum nemendum skólans og starfsfólki. Fram kom að leitast væri við að bjóða upp á hollan og góðan mat og koma sem best til móts við ýmsar sérþarfir þar að lútandi. Þegar nemendum á heimavist tók að fækka hafði það neikvæð áhrif á rekstur mötuneytisins, gera þurfti ýmsar breytingar á skipulagi m.a. fækka starfsfólki.

Heimavist hefur verið rekin við skólann frá stofnun hans. Eins og fyrr segir hefur nemendum á vist fækkað mjög á undanförunum árum, haustið 2021 voru þar um 60 nemendur en fullsetin rúmar heimavistin 117 íbúa. Gott viðhald hefur verið á vistarverum nemenda og hluti herbergja endurnýjaður. Heimavistarhúsið er leigt út yfir sumarið skv. samningi þar um. Leigutekjur hafa m.a. verið nýttar til viðhalds. Íbúum er ætlað að flokka rusl og til þess gerð ílát eru á öllum herbergjum, að undanskildum ílátum fyrir lífrænt rusl, flokkun hefur að sögn viðmælenda gengið nokkuð vel.

Þeir nemendur sem rætt var við voru almennt ánægðir með fæðið í mötuneytinu og aðbúnað á heimavistinni. Síðast var leitað eftir viðhorfum nemenda þar að lútandi í Nemendapúlsi sem lagður var fyrir nemendur vorið 2021. Þar voru rúm 80% nemenda mjög eða frekar ánægðir með mötuneytið og 88% líkaði mjög eða frekar vel að búa á heimavistinni.

Það sem viðmælendur nefndu að vantaði eða þyrfti að bæta/breyta í tengslum við húsnæði og aðbúnað varðaði einkum eftirtalið;

- Ný/annarskonar húsgögn í vinnustofur sem staðsettar eru í skólahúsinu.
- Gera vinnustofurnar hlýlegri.
- Fjölga sófum fyrir nemendur.
- Endurnýja búnað og aðstöðu til raungreinakennslu, einkum í líffræði og efnafræði.
- Bæta skipulag í listgreinastofu.
- Endurnýja húsbúnað í fundarherbergi nemendafélagsins, einkum stóla.
- Rými/viðtalsherbergi fyrir kennara þar sem hægt er að eiga samtöl í meira næði.
- Bæta loftgæði í vinnurými kennara.
- Skipta yfir í led-lýsingu.
- Hafa körfu með ávöxtum á kennarastofu.
- Hækkanlegt skrifborð í aðstöðu starfsfólks í mötuneyti.
- Auka við búnað í tæknismiðju og efla hana enn frekar.

Húsnæði skólans er hlýlegt og snyrtilegt og umgengni nemenda sögð til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á sjálfbærni m.a. með flokkun sorps og umhverfisvænum vörukaupum og ferðamáta. Innleiðingu á *5 grænum skrefum* lauk nú á haustdögum og í framhaldinu áformar skólinn að ljúka innleiðingu á viðmiðum grænfánans. Til þess að hvetja til umhverfisvæns ferðamáta hefur skólinn boðið starfsfólki samgöngusamning, útbúið hjólaskýli, sett upp hleðslustöðvar og keypt tvö rafmagnshlaupahjól (-skútur) til afnota fyrir starfsfólk.

Í viðtölum kom fram að þar sem hús skólans væru í ríkiseigu væri viðhald og nýframkvæmdir á hendi Framkvæmdasýslu ríkiseigna. Samskipti við fulltrúa FSRE voru sögð góð og markvisst unnið

að viðhaldi skv. áætlun þar að lútandi. Þessa dagana er m.a. unnið að endurbótum á íbúðum í eigu skólans. Hugmyndir hafa verið uppi um byggingu tengigangs á milli kennsluhúss og heimavistarhúss, slík tenging hefði að mati stjórnenda mikið hagræði í för með sér varðandi samnýtingu beggja húsa, sérstaklega yfir vetrartímann.

### **Styrkleikar**

- Almenn ánægja er með húsnæði skólans og aðstöðu til náms og kennslu.
- Viðhald á húsnæði er gott, húsakynni eru hlýleg og snyrtileg og umgengni góð.
- Náms- og kennslugögn eru almennt fullnægjandi.
- Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.
- Tölvukerfi og tölvukostur skólans er góður.
- Skólinn hefur innleitt *5 græn skref* og hvatt til umhverfisvæns ferðamáta.
- Almenn ánægja er með mötuneyti skólans og heimavist.

### **Tækifæri til umbóta**

- Rými/viðtalsherbergi vantar fyrir kennara þar sem hægt er að eiga samtöl í meira næði.
- Endurnýjun á húsgögnum í vinnustofum nemenda og á skrifstofu nemendaráðs.
- Endurnýjun á búnaði til verklegrar raungreinakennslu, einkum í efnafræði og líffræði.

## Umsögn matsaðila um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólafarfa takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólafarfa og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Um námsárangur

Niðurstöður námsmats eru rýndar af hálfu kennara, áfangastjóri tekur saman yfirlit yfir meðaleinkunn spannar/annar ásamt tölfræði varðandi aðra þætti í starfi skólans, upplýsingar þar um eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Kennslustjóri fjarnáms hefur tekið saman skýrslu með upplýsingum um námsframvindu nemenda og dreifingu einkunna í fjarnámi og borið saman við niðurstöður fyrri spanna og ára, skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólinn hefur ekki stuðst við mælanleg viðmið varðandi framfarir og árangur nemenda í námi en að mati stjórnenda er námsárangur nemenda almennt góður.

Skólinn hefur ekki sett sér ákveðin mælanleg viðmið varðandi útskriftarhlutfall en er að mati stjórnenda ásættanlegt. Hlutfall brautskráðra nemenda sem lauk stúdentsprófi á þremur árum vorið 2021 var 59%.

Skólinn hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi. Brotthvarf á tímabilinu 2017-2021 er mest á árinu 2018 en þá hurfu 24 nemendur frá námi eða 5,45%. Sl. þrjú ár mældist brotthvarf mun minna, árið 2021 hurfu einungis tveir nemendur frá námi eða 0,6%.

### Um árangur í grunnþáttum

Í ljósi þess að grunnþættir menntunar eru í raun samofnir þeim áherslum sem lagðar eru í stefnuskjölum skólans, gildum hans, náms- og kennsluháttum, félagslífi og daglegum samskiptum er mjög líklegt að nemendur hafi tileinkað sér þá að einhverju marki. Þá má jafnframt ætla að árangur nemenda og framfarir þar að lútandi birtist að einhverju leyti í formlegu námsmati skólans. Með það að leiðarljósi að skerpa á grunnþáttum menntunar í námi og kennslu var sérstöku þróunarverkefni hrundið af stað innan skólans á yfirstandandi skólaári. Þar sem skólinn hefur ekki lagt formlegt mat á framfarir nemenda á öllum þeim sviðum sem grunnþættirnir tilgreina þá verður það ekki gert að hálfu matsaðila.

### Um langtímaárangur

Gerð var könnun árið 2019 á meðal stúdenta sem brautskráðust frá skólanum 2014-2016 þar sem spurt var um viðhorf þeirra til ýmissa þátta í skólafarfa og afdrif að námi loknu. Í úrtakinu voru 142 stúdentar og svarhlutfall um 80%. Þá var jafnframt stuðst við eiginlega nálgun og viðtöl tekin við tíu nemendur. Í ljós kom að 72% stúdenta höfðu hafið framhaldsnám á þeim tíma sem könnunin var gerð. Rúmlega 67% þeirra taldi námsleiðina sem valin var í ME hafa undirbúið þá mjög vel eða

nokkuð vel fyrir framhaldsnám, um 15% voru á öðru máli. Tæp 40% stúdenta sagðist hafa valið námsleið í ME með tiltekið framhaldsnám í huga, af því má ráða að undirbúningurinn hafi hentað nemendum misvel. Flestir þeirra sem þátt tóku í könnuninni voru eða höfðu verið í framhaldsnámi á sviði heilbrigðisvísinda eða rúm 20%, 15% í raunvísindagreinum og svipað hlutfall í félagsvísindum.

Skólinn hefur leitast við að vera leiðandi í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Canvas býður t.a.m. upp á fjölbreytta möguleika í framsetningu námsefnis, verkefnavinnu nemenda, endurgjöf kennara og samskiptum þeirra við nemendur. Þar sem innleiðing Canvas var nýlega hafin þegar mæta þurfti þeim áskorunum sem fylgdu COVID-19 þá gekk innleiðing kerfisins fljótt og vel fyrir sig. Stjórnendum skólans er mjög umhugað um að efla enn frekar notkun upplýsingatækni í kennslu kennara og námi nemenda. Vegna fækkunar nemenda í dagskóla hefur jafnframt verið lögð áhersla á „skólann í skýinu“ þ.e. efla fjarnámið með það að markmiði að fjölga fjarnemum enn frekar og styðja með þeim hætti við fjölbreytni í námsframboði skólans í þágu allra nemenda og nærsamfélagsins.

Þar sem skólinn er fyrst og fremst bóknámsskóli er ríkur vilji til þess að auka fjölbreytni í námsframboði með því að bjóða nemendum fleiri námsleiðir á sviði upplýsingatækni, nýsköpunar og hönnunar. Þá eru einnig uppi áform um að bjóða þeim nemendum sem hyggja á starfs- og iðnnám eins árs undirbúning með hliðsjón af brautarlýsingum verknámsskóla. Þær námsleiðir sem hafa verið til skoðunar eru m.a. á sviði ferðapjónustu, flugs og skógfræða, allt eru þetta námsleiðir sem styðja vel við þá atvinnustarfsemi sem fyrir er í nærsamfélagi skólans.

ME er og hefur verið framsækinn framhaldsskóli, til marks um það var hann fyrstur framhaldsskóla til að innleiða nýja námskrá 2011, spannar og verkefnatíma (opna tíma/stoðtíma) og námsumsjónarkerfið Canvas. Skýr áform eru uppi um að svo verði áfram.

## **Styrkleikar**

- Skólinn hefur leitast við að laga sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.
- Aðlögun skólastarfsins að fjarkennslu vorið 2020 vegna COVID-19 gekk mjög vel.
- Skólinn hefur náð árangri í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi.
- Skólinn hefur kannað hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.

## **Tækifæri til umbóta**

- Setja mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfræði um árangur þeirra og meta hversu vel viðmiðum hafi verið náð.
- Setja mælanleg viðmið um útskriftarhlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hversu vel viðmiðum hafi verið náð.

# Styrkleikar og tækifæri til umbóta - yfirlit

## Umsögn matsaðila um stjórnun og skipulag

---

### Styrkleikar

- Heimasíða skólans er jafnframt skólanámskrá hans, upplýsingar um námsframboð, starfsáætlanir, starfshætti og þjónustu skólans eru aðgengilegar þar.
- Stefna skólans er í samræmi við hlutverk framhaldsskóla eins og það er skilgreint í lögum.
- Grunnþættir menntunar endurspeglast að hluta í gildum skólans og innra starfi hans og hafa verið til sérstakrar umfjöllunar í þróunarverkefni skólans á yfirstandandi skólaári.
- Skólinn hefur unnið að mótun stefnu í ýmsum málaflokkum og birt á heimasíðunni. Flestar þeirra tilgreina markmið og helstu verkefni,
- Skólinn hefur mótað sér stefnu varðandi fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Skipurit skólans lýsir starfsemi hans og verkaskiptingu starfsfólks, starfslýsingar eru aðgengilegar starfsfólki á innri vef.
- Settar hafa verið fram áætlanir til næstu þriggja ára varðandi þau verkefni sem skólinn hyggst vinna að í samræmi við áherslu stjórnvalda á stefnumiðaða áætlanagerð.
- Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.
- Stjórnendur skólans njóta mikils trausts og virðingar. Metnaður, umbótaáhugi og umhyggja fyrir velferð og líðan nemenda og starfsfólks einkennir störf þeirra.
- Aðgengi starfsfólks og nemenda að stjórnendum er mjög gott.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks er góð.
- Skólanefnd fundar með reglubundnum hætti, fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðunni.
- Innra mat skólans byggir annars vegar á viðhorfskönnunum á meðal haghafa til starfshátta skólans og hins vegar á stuttum könnunum um þau mál sem eru til umfjöllunar í skólanum hverju sinni. Áhersla er lögð á skjót viðbrögð við niðurstöðum.
- Niðurstöður matsverkefna eru birtar á heimasíðu skólans svo og ársskýrsla innra mats hóps.
- Umbótaáætlun byggir m.a. á niðurstöðum innra mats og er aðgengileg á heimasíðunni.

### Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að áform um markvissa endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn skólans verði að veruleika með það að leiðarljósi að skerpa enn betur á samhengi stefnu og starfshátta á öllum sviðum skólastarfsins.
- Tryggja sem best aðkomu starfsfólks, nemenda, forráðafólks og eftir atvikum annarra haghafa að stefnumótun skólans.
- Fylgja stefnumiðum skólans í tilteknum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu (innleiðingaráætlun), árangursviðmiðum og mati á framvindu og/eða stöðu mála.
- Samræma texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti, m.a. með hliðsjón af ólöggráða nemendum og stjórnsýslulögum, og gera upplýsingar þar að lútandi aðgengilegri á heimasíðu skólans. Jafnframt er mikilvægt að tilgreina með



skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra og kanna með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim.

- Fastsetja skólafundum og fundum í skólaráði og nýta þá með markvissari hætti til umræðu og ákvarðanatöku.
- Leggja ríkari áherslu á að skilgreina skýr matsviðmið þar sem það á við og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim.
- Nýta betur til umbóta þau matsgögn sem veita upplýsingar um náms- og kennsluhætti og árangur nemenda.
- Umbótaáætlun taki í auknu mæli mið af kjarnastarfsemi skólans þ.e. námi og kennslu.
- Skilgreina með markvissari hætti ábyrgðaraðila með umbótaverkefnum, skrá niðurstöður fyrri mælinga séu þær fyrirliggjandi og skilgreina mælanleg árangursviðmið til skemmri/lengri tíma þar sem það á við.

## Umsögn matsaðila um kennslu og námsframboð

---

### Styrkleikar

- Námsframboð skólans er fjölbreytt þegar horft er til þess að hann er fyrst og fremst bóknámsskóli. Fjölgun fjarnema hefur auðveldað skólanum að viðhalda fjölbreyttu námsframboði.
- Nám á sviði lista, upplýsingatækni og nýsköpunar styður vel við fjölbreytni í námsframboði.
- Skólinn hefur skilgreint þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við námslok á öllum námsbrautum skólans og við lok náms í sérhverjum áfanga.
- Nemendur og kennarar eru almennt ánægðir með spanakerfið og fyrirkomulag náms, kennslu og námsmats.
- Kennslu- og námshættir eru nokkuð fjölbreyttir og til þess fallnir að koma til móts við nemendur í dagskóla og fjarnámi.
- Áhersla skólans á verkefnaþátt náms styður við sjálfstæð vinnubrögð nemenda og virkni þeirra í námi.
- Námsmat byggir á verkefnavinnu nemenda, minni áhersla er lögð á lokapróf.
- Skólinn hefur á að skipa vel menntuðum kennurum.
- Kennarar eru hvattir til starfsþróunar og nýbreytni í starfi og hafa svarað því kalli vel.
- Skólinn notar námsumsjónarkerfið Canvas með virkum hætti til að miðla námsgögnum og upplýsingum til nemenda.
- Mikil ánægja er með starfsemi nemendapjónustunnar.
- Mjög vel er staðið að móttöku nýnema m.a. með formlegum skilafundum í grunnskólum á upptökusvæði skólans.
- Nám á starfsbraut er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á að aðlaga daglegt starf að forsendum hvers og eins nemanda.
- Nemendum sem eiga í erfiðleikum með bóknám býðst að skrá sig á framhaldsskólabraut 1, þar sem leitast er við að bjóða þeim viðfangsefni og stuðning við hæfi.

## Tækifæri til umbóta

- Skoða markvisst hvort áherslur í kennslu og námsmati séu í samræmi við hæfniviðmið námskrár og/eða þrepaviðmið aðalnámskrár.
- Meta áhrif innleiðingar leiðsagnarnáms á starfshætti kennara og nám/árangur nemenda.
- Efla formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum.
- Auka enn frekar fjölbreytni í kennslu- og námsháttum m.a. með verklegum æfingum í raungreinum, rökræðum/skipulegum umræðum í kennslustundum og samvinnu nemenda, einkum í fjarnámi.
- Auka fjölbreytni viðfangsefna á framhaldsskólabraut 1.
- Meta móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa í ljósi reynslunnar.

## Umsögn matsaðila um samskipti og líðan

---

### Styrkleikar

- Skólabragur er mjög jákvæður. Andrúmsloft innan skólans einkennist m.a. af gleði, krafti, áhuga, hvatningu, metnaði, fagmennsku, virðingu, jöfnuði, umhyggju og velvild.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum. Samskipti nemenda við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk eru góð.
- Gildum skólans er markvisst haldið á lofti og áhrif þeirra merkjanleg í daglegu skólastarfi.
- Markvisst er fylgst með líðan nemenda og starfsfólks.
- Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans. Skólinn styður vel við félagsstarf nemenda.
- Nemendaráð leitast við að halda uppi öflugum og fjölbreyttu félagslífi.
- Foreldra- og hollvinafélag skólans er virkt og foreldrar vel upplýstir um stöðu barna þeirra og skólastarfið.
- Virkt samráð er við grunnskóla í nærsamfélagi skólans og formlegt verklag til staðar varðandi gagnkvæma miðlun upplýsinga þegar nemendur flytjast milli skólastiga.
- Skólinn tekur þátt í samstarfi framhaldsskóla á landsbyggðinni um Fjarmenntaskólann.

### Tækifæri til umbóta

- Taka öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega. Vert er að huga sérstaklega að líðan og samskiptum stúlkna.
- Leita leiða til að bæta aðgengi foreldra ólöggráða nemenda að kennsluáætlunum.
- Virk tengsl við háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð.

## Umsögn matsaðila um húsnæði og aðbúnað

---

### Styrkleikar

- Almenn ánægja er með húsnæði skólans og aðstöðu til náms og kennslu.
- Viðhald á húsnæði er gott, húsakynni eru hlýleg og snyrtileg og umgengni góð.
- Náms- og kennslugögn eru almennt fullnægjandi.
- Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.
- Tölvukerfi og tölvukostur skólans er góður.
- Skólinn hefur innleitt 5 *græn skref* og hvatt til umhverfissvæns ferðamáta.
- Almenn ánægja er með mötuneyti skólans og heimavist.

### Tækifæri til umbóta

- Rými/viðtalsherbergi vantar fyrir kennara þar sem hægt er að eiga samtöl í meira næði.
- Endurnýjun á húsgögnum í vinnustofum nemenda og á skrifstofu nemendaráðs.
- Endurnýjun á búnaði til verklegrar raungreinakennslu, einkum í efnafræði og líffræði.

## Umsögn matsaðila um lykilárangur

---

### Styrkleikar

- Skólinn hefur leitast við að laga sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.
- Aðlögun skólastarfsins að fjarkennslu vorið 2020 vegna COVID-19 gekk mjög vel.
- Skólinn hefur náð árangri í þeirri viðleitni að draga úr brotthvarfi.
- Skólinn hefur kannað hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.

### Tækifæri til umbóta

- Setja mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfræði um árangur þeirra og meta hversu vel viðmiðum hafi verið náð.
- Setja mælanleg viðmið um útskriftarhlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hversu vel viðmiðum hafi verið náð.

# Heimildir og tilvísanir

## Menntaskólinn á Egilsstöðum - almennar upplýsingar

- Tölulegar upplýsingar frá stjórnendum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Heimasíða Menntaskólans á Egilsstöðum/skólanámskrá.  
<https://www.me.is/is>  
<https://www.me.is/is/skolinn/skolinn-starfid/um-menntaskolann-a-egilsstodum>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/hlutverk-gildi-syn>
- Vefur Hagstofu Íslands  
<https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/framhaldsskolastig/>  
<https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/grunnskolestig/>
- Þriggja ára stefnumiðuð áætlun, skv. 31. gr. laga um opinber fjármál.  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/opinber-fjarmal/fjarmalaaetlun/fjarmalaaetlun-2021-2025/>  
[https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FJR/FJR\\_Fjarmalaaetlun\\_V5.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FJR/FJR_Fjarmalaaetlun_V5.pdf)
- Námsbrautir og inntökuskilyrði  
<https://www.me.is/is/namid/namsbrautir>  
<https://www.me.is/is/namid/um-namid/inntokuskilyrði-a-brautir-skolans>
- Skóladagatal ME fyrir skólaárið 2021-2022. <https://www.me.is/static/files/Namid/2021/skoladagatal-2021-2022nytt-.pdf>
- Stefnumiðuð áætlun ME til a.m.k. þriggja ára 2021-2023.
- Ársskýrsla Menntaskólans á Egilsstöðum 2020.
- Viðtöl við stjórnendur skólans.

## Stjórnun og skipulag

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Heimasíða Menntaskólans á Egilsstöðum/skólanámskrá.  
<https://www.me.is/is/skolinn/skolinn-starfid/um-menntaskolann-a-egilsstodum>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/hlutverk-gildi-syn>  
<https://www.me.is/is/skolinn/skolinn-starfid/lykilupplýsingar-fyrir-nynema-2>
- Skipurit Menntaskólans á Egilsstöðum. <https://www.me.is/static/files/Skolinn/skipuritme.jpg>
- Skólanefnd  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/skolanefnd-og-skolarad>
- Fundargerðir skólanefndar frá árinu 2017 til 2021.  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/skolanefnd-og-skolarad>
- Skólaráð  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/skolanefnd-og-skolarad>
- Stefnur og starfsáætlanir  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/jafnrettisstefna-me-og-aaetlun>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/mottokuaetlun-fyrir-nemendur-af-erlendum-uppruna>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/starfsmannastefna-me>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/personuverndarstefna>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/umhverfisstefna-og-aaetlun>  
<https://www.me.is/is/skolinn/stefnur-og-syn/oryqqismal>
- Skólareglur  
<https://www.me.is/is/namid/annad/reglur-um-ferdalag-a-vegum-skolans>  
<https://www.me.is/is/namid/annad/umgengisreglur>  
<https://www.me.is/is/namid/fyrir-nemendur/skolasokn>  
<https://www.me.is/is/namid/fyrir-nemendur/namsmat>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/tolvumal>  
<https://www.me.is/is/skolinn/skolinn-starfid/lykilupplýsingar-fyrir-nynema-2>
- Fjarnámsreglur og reglur um mat á námi frá öðrum skólum  
<https://www.me.is/is/namid/um-namid/mat-a-nami-fra-odrum-skolum>  
<https://www.me.is/is/fjarnam/um-namid/vinnureglur-fjarnams>
- Ársskýrsla Menntaskólans á Egilsstöðum 2020.
- Ársskýrslur innra mats hóps ME frá skólaárunum 2017-2018 til 2020-2021.  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/skyrsla-im-2020-2021.pdf>  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/skyrsla-im-2019-2020.pdf>  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/skyrsla-im-2018-2019.pdf>  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/skyrsla-im-2017-2018.pdf>
- Umbótaáætlanir ME

- <https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/umbotaaaetun-me-2021-2023.pdf>
- <https://www.me.is/static/files/Skolinn/umbotaaaetun-2020-2021.pdf>
- <https://www.me.is/static/files/Skolinn/umbotaaaetun-2019-2020.pdf>
- <https://www.me.is/static/files/Skolinn/umbotaaaetun-2018-2019.pdf>
- Starfsmannapúlsinn 2021, Menntaskólinn á Egilsstöðum. Niðurstöður 6. apríl 2021  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/starfsmannapulsinn-2021.pdf>
- Sameykí stéttarfélag í almannaþjónustu-Stofnun ársins-niðurstöður kannana frá árinu 2016 til ársins 2021. [https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2021-Stofnun-arsins/serrit\\_%20stofnun%20%a1rsins%202021.pdf](https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2021-Stofnun-arsins/serrit_%20stofnun%20%a1rsins%202021.pdf)
- Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla nr. 260/2017 <https://island.is/reglugerdir/nr/0260-2017>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólaneftdar.

## Kennsla og námsframboð

- Heimasíða Menntaskólans á Egilsstöðum/skólanámskrá.
- Námsbrautir  
<https://www.me.is/is/namid/fyrir-nemendur/skipulag-namsins>  
<https://www.me.is/is/namid/namsbrautir/felagsgreinabraut>
- Áfangalýsingar  
<https://www.me.is/is/namid/um-namid/afangalysingar-uppfaersla>
- Námsmat  
<https://www.me.is/is/namid/fyrir-nemendur/namsmat>
- Námsgögn  
[https://www.me.is/static/files/Namid/2021/bokalisti\\_haust-2021.pdf](https://www.me.is/static/files/Namid/2021/bokalisti_haust-2021.pdf)  
<https://www.me.is/static/files/Namid/2022/bokalisti-vor-2022a.pdf> <https://www.me.is/is/namid/um-namid/canvas-kennslukerfi>
- Fjarnám 2020-2021 Tölulegar upplýsingar um fjarnema í ME skólaárið 2020-2021  
Jóney Jónsdóttir kennslustjóri fjarnáms  
<https://www.me.is/static/files/Fjarnam/fjarnam-2020-2021-skyrsla.pdf>
- Ársskýrslur innra mats hóps ME frá skólaárunum 2017-2018 til 2020-2021.  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/skyrsla-im-2020-2021.pdf>
- Framhaldsskólupúlsinn 2020-2021. Heildarniðurstöður – Menntaskólinn á Egilsstöðum  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/samantekt-a-skolapulsinum-2021.pdf>
- Áfangamat dagskólanema á fyrri haustspönn 2021  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/afangamat-dagskolanema-fyrri-hsp-2021.pdf>
- Áfangamat fjarnema á fyrri haustspönn 2021 <https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/afangamat-fjarnema-fyrri-hsp-2021.pdf>
- Niðurstöður nemendakönnunar 2018 Innra mats hópur  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/nidurstodur-nemendakonnunar-nov-2018.pdf>
- Könnun um fjarnám meðal kennara [https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/data\\_all\\_220222-1-.pdf](https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/data_all_220222-1-.pdf)
- Niðurstöður kennarakönnunar 2019  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/nidurstodur-kennarakonnunar-2019.pdf>
- Fjarnemakönnun vor 2020 Starfshópur um innra mat í ME lagði fyrir  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/birta-a-sidu-fjarnemakonnun-vor-2020-2-.pdf>
- Nemendajónustan  
<https://www.me.is/is/nemendathjonusta/um-starfsemina/um-starfsemi-nemendathjonustunnar>  
<https://www.me.is/is/nemendathjonusta/radgjof>  
<https://www.me.is/is/nemendathjonusta/qagnabanki>
- Próunarverkefni <https://www.me.is/is/skolinn/skolinn-starfid/throunarverkefni-me>
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólaneftdar.

## Samskipti og líðan

- Heimasíða Menntaskólans á Egilsstöðum/skólanámskrá.
- Framhaldsskólupúlsinn 2020-2021. Heildarniðurstöður – Menntaskólinn á Egilsstöðum.  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/nemendapuls-me-mai-2021.pdf>
- Starfsmannapúlsinn 2021, Menntaskólinn á Egilsstöðum. Niðurstöður 6. apríl 2021  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/starfsmannapulsinn-2021.pdf>  
[https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/809\\_menntaskol...a-egilsstodum-2021.pdf](https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/809_menntaskol...a-egilsstodum-2021.pdf)  
[https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/303\\_menntaskol...a-egilsstodum-2020.pdf](https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/303_menntaskol...a-egilsstodum-2020.pdf)
- Könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda ME 2022  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/kynning-a-foreldrakonnun-a-kennarafundi-14.3-2022.pdf>

- Nemendafélag ME  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/nemendafelag-me>
- Foreldra- og hollvinafélag ME  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/foreldra-og-hollvinafelag-me>
- Fundargerðir Foreldra- og hollvinafélags ME 2017 til 2021  
<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/foreldra-og-hollvinafelag-me>  
<https://www.me.is/is/namid/annad/mat-a-felagsstorfum>
- Erlent samstarf og Erasmus verkefni  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/samstarfsverkefni-me>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja, ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

### Húsnæði og aðbúnaður

- Starfsmannapúlsinn 2021, Menntaskólinn á Egilsstöðum. Niðurstöður 6. apríl 2021  
<https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/starfsmannapulsinn-2021.pdf>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/bokasafn>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/motuneyti>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/heimavist>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/tonlistarherbergi-a-heimavist>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/taeknismidja-me>  
<https://www.me.is/is/skolinn/onnur-starfsemi/tolvumal>
- Könnun meðal kennara um ýmsa þætti skólastarfsins haust 2021  
[https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/data\\_all\\_220222.pdf](https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/data_all_220222.pdf)
- Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.
- Heimsókn matsaðila í skólann 25. og 26. október 2021.

### Lykilárangur

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Könnun á viðhorfum stúdenta sem útskrifuðust 2014-2016  
[https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/studentakonnun\\_h\\_19.pdf](https://www.me.is/static/files/Skolinn/IM/studentakonnun_h_19.pdf)
- Heimasíða Menntaskólans á Egilsstöðum/skólanámskrá
- Viðtöl við stjórnendur og formann skólanefndar.

**Maí 2022**